# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

131. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 6. JÚNÍ 2017


## Kári Stefánsson harðorður í garð þingheims

**STJÓRNMÁL** Kári Stefánsson skrifar í dag harðorða grein um þingheim og þá sem hafa ráðherravaldið. Segir Kári meðal annars að það sé ljóst á fimm ára áætlun ríkisfjármála, sem Alþingi hafi samþykkt, að ríkisstjórn, Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar ætli sér að svíkja flest ef ekki allt sem þjóðin á skilið, bað um og var lofað fyrir kosningar. „Hún virðist staðráðin í að vinna keppnina um það hvað sé versta ríkisstjórn í sögu lýðveldisins,“ skrifar hann meðal annars. - sjá síðu 11

## Ósáttir við að verða útlægir

**FERÐAÞJÓNUSTA** Kristján G. Kristjánsson, stjórnarmaður í FETAR, Félagi eigenda torfæruökutækja í atvinnurekstri, og annar eigenda ferðaþjónustufyrirtækisins Mountain Taxi, segir lúxusjeppafyrirtækin afar ósátt við að vera gerð útlæg úr miðborginni. Algert bann við hópferðabílum sé vanhugsað og muni bregða fæti fyrir hótelrekstur á bannsvæðinu.

„Menn verða að ákveða sig, vilja þeir fá túristana í bæinn eða vilja þeir ekki fá túristana í bæinn?“ segir Kristján. – gar / sjá síðu 4

## Brotist inn hjá Bubba í gær

**LÖGREGLUMÁL** „Ég er orðinn of gamall til að láta svona hluti setja mig úr jafnvægi, afmælið verður fínt. Ég vona bara að þessi ógæfupiltur, sem braust inn hjá mér, beri gæfu til að finna lífið,“ segir afmælisbarn dagsins, Bubbi Morthens, sem varð fyrir þeirri lífsreynslu að brotist var inn á heimili hans. Bubbi fagnar 61 árs afmæli með útgáfu plötunnar Túngumál. – bb / sjá síðu 14






**Minningarathöfn** Múslimar í London komu saman í Borough Market til að minnast þeirra sem létust í árás þar síðastliðinn föstudag. Atburðirnir gætu haft mikil áhrif á þingkosningarnar í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Ari Trausti Guðmundsson skrifar um Landsrétt. 10

**SPORT** Aron Pálmarsson nýtur sín best á stóra sviðinu. 12

**LÍFIÐ** Berglind Pétursdóttir er orðin hundaeigandi. 22

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● BÍLAR ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015












# Lög brotin í meðferð Alþingis

**Alþingi hefði átt að greiða atkvæði með hverjum umsækjanda um dómarastöðu í Landsrétti.**

**STJÓRNMÁL** Kosning Alþingis um skipun dómara við Landsrétt var ekki í samræmi lög og gæti skapað ríkinu bótaábyrgð. Alþingi bar að greiða atkvæði með hverjum og einum umsækjanda um starfið í stað þess að greiða atkvæði um tillögu dómsmálaráðherra í heild sinni.

Þetta er samdóma álit þeirra lögfræðinga sem Fréttablaðið ræddi við vegna málsins. Þingmenn Pírata hafa vakið athygli á málinu síðan atkvæðagreiðslan fór fram á fimmtudag en þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, Birgir Ármannsson, sagði í kvöldfréttum RÚV á laugardag að Alþingi hefði farið að lögum í einu og öllu í málinu.

Þetta var í fyrsta sinn sem Alþingi greiðir atkvæði um skipan heils dómstóls í einu. Ólíklegt er að viðlíka mál, þar sem heill dómstóll er skipaður, komi aftur til kasta Alþingis í bráð.

Arnar Þór Jónsson, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir málið ekki svo einfalt. „Ef ráðherra vill víkja frá tillögu dómnefndar þá þarf að leggja tillögu þess efnis fyrir Alþingi og nafngreina þá umsækjendur sem hann vill að komi inn. Þá má túlka lögin, sem Alþingi hefur sjálft sett, þannig að það beri að kjósa um hvern og einn umsækjanda.“

Arnar segir þó að kosning Alþingis standi óhögguð en að umsækjendur geti látið reyna á bótarétt fyrir dómi. Nú þegar hefur Ástráður Haraldsson lögmaður gefið það út að hann hyggist leita réttar síns eftir að hafa ekki verið á lista dómsmálaráðherra þrátt fyrir að vera í hópi fimmtán hæfustu í starfið að mati nefndar.

„Í svona dómsmáli myndi reyna á hvort löggjafinn hafi brotið sín eigin lög. Það væri í hæsta máta óvenjulegt. Það yrði áhugavert að fylgjast með afgreiðslu slíks dómsmáls,“ segir Arnar.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður hefur sama skilning og Arnar á lögunum. „Minn skilningur er sá að það hefði átt að greiða atkvæði um hvern og einn. Það á eftir að reyna á þetta fyrir dómstólum. Þetta er spurning um bótaskyldu býst ég við. Íslenskum lögum er þannig háttað að það er erfitt að koma svona grundvallarspurningum að fyrir dómstólum. Almenningur getur ekki látið reyna á þetta heldur bara þeir sem urðu fyrir neikvæðri niðurstöðu af þessu.“ – snæ

## Veður




Norðlæg átt, víða 5-13 m/s á morgun. Dálítil rigning norðan- og austanlands, en slydda til fjalla. Skýjað með köflum og yfirleitt þurrt á Suður- og Vesturlandi.
SJÁ SÍÐU 20

# Skrautlegir og svalir ferðamenn



Ferðamenn eru farnir að setja sterkan svip á miðbæ Reykjavíkur. Þessi ágæti ferðamaður vakti athygli fyrir skrautlegan fatnað og flotta ferðatösku þar sem hann leitaði að Airbnb-íbúðinni sem hann hafði tekið á leigu. Gert er ráð fyrir að um 8,75 milljónir manna fari um Keflavíkurflugvöll í ár en ferðamönnum hefur fjölgað mikið um Norður-Evrópu undanfarin ár þó að Ísland skeri sig vissulega úr líkt og þessi ágæti maður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# HS Orka verðlaunuð

**SAMFÉLAG** HS Orka hlaut í gær, á Alþjóðlega umhverfisdeginum, umhverfisverðlaunin Energy Globe Award sem veitt eru þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa skarað fram úr í umhverfismálum. Í ár voru 178 verkefni valin víðs vegar að úr heiminum og var Auðlindagarðurinn valinn besta íslenska verkefnið.

„Við erum hrærð yfir þessum verðlaunum og þeirri viðurkenningu sem Auðlindagarðinn er að fá á alþjóðavísu. Hugmyndafræðin að baki Auðlindagarðinum er einföld, það er að segja, að það er ekkert sem heitir sóun,“ segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku. Fyrirtækin innan Auðlindagarðsins eru sjö, meðal annars Bláa lónið. **– bb**

# Íbúar Ásbúðar hundleiðir á hundsgelti í götunni

**DÝRAHALD** Íbúar við götuna Ásbúð í Garðabæ eru orðnir hundleiðir á gelti fjölda hunda í götunni. Í tveimur húsum, að mati íbúa, eru rekin annars vegar einhvers konar hundahótel eða dagvistun fyrir hunda og í öðru húsi fer hundaræktun fram. Íbúar krefjast þess að strangari reglur séu settar um hundahald í götunni.

Fjórtán íbúar hafa ritað bréf til bæjarstjórnar Garðabæjar þar sem þeir óska tafarlausra úrbóta í málinu. „Við þetta ástand getum við ekki unað, einhverjar hömlur eða strangar reglur þarf að setja viðkomandi hundaeigendum. Því eru það tilmæli okkar hér við yfirvöld bæjarfélagsins að koma þeim skilaboðum til hundaeigenda að reglum um hundahald í þéttbýli og friðhelgi íbúanna sé virt,“ stendur í bréfi íbúanna.

Einn íbúi í götunni telur að í einu húsi séu tólf hundar að staðaldri.

Héraðsdýralæknir Matvælastofnunar, Konráð Konráðsson, hafði ekki vitneskju um starfsemi í götunni. Slík starfsemi er tilkynningarskyld til stofnunarinnar. Ætlaði hann að kanna málið og ræða við hlutaðeigandi aðila.

Bréf íbúanna var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 30. maí. **– sa**



**Besti vinur mannsins.**


# Garðtraktorar
## fyrir þá kröfuhörðu




ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Opnunartími:** Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar
**Vefsíða og netverslun:** www.thor.is


# Gott að vera orðinn jafningi í fyrsta sinn

**Navid Nouri fékk íslenskan ríkisborgararétt í síðustu viku. Þetta er í fyrsta sinn á ævinni sem Nouri fær ríkisborgararétt því að hann er Afgani en fæddist í Íran og hefur því verið landlaus allt sitt líf. Hann er stoltur af að vera orðinn Íslendingur.**

**SAMFÉLAG** „Ég er eiginlega búinn að brosa síðan ég fékk tíðindin,“ segir Íslendingurinn Navid Nouri en hann er nú í fyrsta sinn með ríkisborgararétt. Hann ætlar að halda partí af þessu tilefni þó dagsetningin sé ekki alveg komin. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég er orðinn ríkisborgari og ég er svo glaður. Þetta er eitthvað sem ég er afar stoltur af og ég ætla að bjóða í stórt og mikið partí. Hvenær það verður veit ég ekki alveg en ég get lofað að það verður fagnað fram á nótt.“

Navid kom til landsins í október árið 2011. Hann er í sambúð, á rúmlega eins árs gamlan son og elskar lífið á Íslandi. Hann segir stærstu breytinguna á lífi sínu vera að nú sé hann loks orðinn jafningi annarra. „Í raun gerði ég ekki mjög mikið þessa fyrstu viku sem Íslendingur en allt er orðið svo auðveldara einhvern veginn. Ég þarf ekki að hugsa um svo margt sem ég þurfti áður. Núna get ég til dæmis ferðast auðveldlega.

Ég vildi koma til lands þar sem ég gæti orðið góður samfélagsþegn. Mig langaði að taka þátt í samfélaginu, mér tókst það og að vera hluti af íslensku samfélagi er góð tilfinning. Að finna heimili og stað til að búa á er ótrúleg tilfinning. Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af að mér verði vísað úr landi því ég er núna jafningi sem er stærsta breytingin á lífi mínu.“

Þegar Navid fékk tilkynninguna um að hann væri orðinn íslenskur ríkisborgari lá hann andvaka. „Lögfræðingurinn minn sendi mér skilaboð þar sem þetta stóð. Ég var búinn að liggja andvaka og gat ekki sofið því ég hafði fengið martröð.



Nanna Hlín Halldórsdóttir og Navid Nouri ásamt guttanum þeirra Omid. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Að finna heimili og stað til að búa á er ótrúleg tilfinning. Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af að mér verði vísað úr landi því ég er núna jafningi.**
>
> Navid Nouri

Ég fór síðan á klósettið og þegar ég kom aftur sá ég græna ljósið í símanum blikka. Ég leit á símann og sá að það voru skilaboð frá lögfræðingnum mínum þar sem stóð að ég hefði fengið ríkisborgararéttinn. Þetta voru dásamlegar fréttir þó að ég hafi áfram verið vakandi eftir tíðindin. Ég sofnaði ekkert eftir þetta, held ég hafi náð að loka augunum um klukkan fjögur.“

Navid flúði frá Íran þar sem hann fæddist landlaus með stöðu flóttamanns. Hann flúði til Tyrklands þaðan sem hann tók bát yfir til Grikklands til að reyna að skapa sér framtíð. Hann endaði svo á að komast til Íslands þar sem hann sótti um hæli.

Á Íslandi beið hann eftir svari við umsókn um hæli í þrjú ár, þar af bjó hann í ellefu mánuði á FIT-hostel í Reykjanesbæ.

„Lífið er gott þessa stundina. Ég er mjög glaður hér og hamingjusamur. Allt mitt líf er orðið breytt og mjög gott.“ **benediktboas@365.is**


GAMMA GLOBAL INVEST:
Alþjóðleg eignadreifing í einum sjóði
GAMMA Global Invest er nýr sjóður sem er skráður í evrum og gerir almenningi kleift að fjárfesta erlendis. Fjárfestar geta þannig náð markmiðum um alþjóðlega eignadreifingu í einum sjóði.
Samstarf við öflugustu fjármálafyrirtæki í heimi tryggir GAMMA Global Invest aðgang að fjölda fjárfestingarkosta sem skilar sér í hagkvæmri eignadreifingu, bæði á milli eignaflokka og landssvæða.
Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingarsjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.
NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS
GAMMA
NEW YORK / REYKJAVÍK / LONDON
Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með hlutdeildarskírteini. GAMMA: Global Invest er sjóðsdeild í Fjárfestingarsjóði GAMMA skv. lögum nr. 128/2011. Rekstrarfélag sjóðsins er GAMMA Capital Management hf. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á vefsvæði GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Kaupum á hlutdeildarskírteinum sjóðsins fylgir nokkur hætta á verðsveiflum en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.

# Gagnrýna samninga við fyrrverandi ráðherra og alþingismenn

**STJÓRNSÝSLA** Samningar sem íslenska ríkið gerði við fyrrverandi ráðherra og þingmenn um greiðslur fyrir verkefni eru gagnrýndir harðlega í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Í sumum tilfellum fengu einstaklingar greidda tugi milljóna fyrir verkefni sín.

Í skýrslunni er meðal annars vikið að samningum sem fjármála- og efnahagsráðuneytið gerði við Taurus slf. sem er í eigu Tryggva Þórs Herbertssonar, fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins.

Ráðuneytið greiddi Taurus 14,5 milljónir króna árið 2014 en samtals 22,8 milljónir á tímabilinu 2013-15. Samkvæmt ráðuneytinu voru greiðslur vegna eins verkefnis 19,7 milljónir en fyrirtækið sinnti einnig tveimur öðrum og óskyldum verkefnum fyrir ráðuneytið á tímabilinu.

Árið 2015 gerði mennta- og menningarmálaráðuneyti samning við Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi ráðherra, um að móta stefnu ráðuneytis um eftirlit sitt, ábyrgð ráðherra í þeim efnum og að koma með tillögur um úrbætur. Áætlað var að verkefnið yrði unnið á haustmánuðum 2015, verksali fengi greiddar 5.000 krónur á klukkustund og að hámarki yrði greitt fyrir 480 klukkustundir. Lokaafurðin var skýrsla. Björgvin fékk greiddar 2,4



Björgvin G. Sigurðsson

milljónir króna fyrir verkefnið. Ríkisendurskoðun segir óljóst hvernig ráðgjafinn var valinn og gagnrýnir ógagnsætt ferli við val á ráðgjafa.

Þá kannaði Ríkisendurskoðun einnig greiðslur til Sivjar Friðleifsdóttur, fyrrverandi ráðherra, sem gegndi formennsku Velferðarvaktarinnar. Hún fékk greiddar sex milljónir króna árið 2014 og sjö milljónir króna árið 2015 án þess að gerður væri samningur um þau þjónustukaup. Ríkisendurskoðun gagnrýnir það verklag sem er ekki í samræmi við lög um opinber innkaup eða góða starfshætti. – **jhh**

## Milljóna ferðakostnaður

**BORGARMÁL** Heildarferðakostnaður starfsmanna og kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg frá janúar til mars í ár var um sjö milljónir króna eða yfir tvær milljónir á mánuði. Langmest ferðuðust starfsmenn borgarinnar eða fyrir fjórar milljónir en embættismenn og borgarfulltrúar fyrir um 1,5 milljónir. Upplýsingatæknideild, fjármálaskrifstofa og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara voru einu sviðin sem voru nálægt milljón króna markinu. Starfsfólk Mannréttindaskrifstofu ferðuðust fyrir um 75 þúsund krónur á þessum þremur mánuðum. – **bb**

## Fimm látnir eftir skotárás

**BANDARÍKIN** Fjórir karlar og ein kona létust í skotárás í Orlando í Flórída í gærmorgun þegar fyrrverandi samstarfsfélagi fólksins hjá tjaldvagnafyrirtækinu Fiamma, hóf skothríð.

Árásarmaðurinn, 45 ára karlmaður, var rekinn úr starfi sínu hjá fyrirtækinu fyrr á árinu. Hann féll fyrir eigin hendi að árásinni lokinni.

Ekkert bendir til þess að um hryðjuverkaárás hafi verið að ræða. Allt bendir til þess að gremja árásarmannsins út í sinn gamla vinnustað hafi ráðið verknaðinum.

Fyrir tæpu ári, 12. júní 2016, féllu 49 manns í skotárás á skemmtistaðnum Pulse í Orlando. Ríkisstjóri Flórída, Rick Scott, hefur fordæmt árásina í gær og segir að á síðastliðnu ári hafi samfélagið í Orlando þurft að horfast í augu við strembnari áskoranir en nokkru sinni fyrr. – **snæ**

**54**

**hafa látist í skotárásum í Orlando á tæpu ári.**

# Lúxusjeppamenn spá miklu öngþveiti með akstursbanni

**Kristján G. Kristjánsson segir lúxusjeppafyrirtækin afar ósátt við að vera gerð útlæg úr miðborginni. Algert bann við hópferðabílum sé vanhugsað og muni bregða fæti fyrir hótelrekstur á bannsvæðinu. Kristján spáir aukinni umferð og ringulreið í kjölfarið. Nú þegar sé farið að nota stóra sendibíla til að ná í töskur.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Menn verða að ákveða sig, vilja þeir fá túristana í bæinn eða vilja þeir ekki fá túristana í bæinn?“ segir Kristján G. Kristjánsson, stjórnarmaður í FETAR, Félagi eigenda torfæruökutækja í atvinnurekstri, og annar eigenda ferðaþjónustufyrirtækisins Mountain Taxi.

Um næstu mánaðamót mun bann við akstri stórra hópferðabíla í miðbæ Reykjavíkur ná yfir stærra svæði en áður og þá til allra ökutækja sem eru með hópferðaleyfi. Þar undir falla allir jeppar sem ferðaþjónustufyrirtæki nota í hálendisferðir. Þessar ferðir hafa verið seldar undir þeim formerkjum að fólk sé sótt á gististað. Sumt af því eigi erfitt með gang.

„Ekkert sem heitir fólksflutningatæki mun fá að fara að hótelum á þessum svæðum, nema leigubílar,“ segir Kristján sem undirstrikar að margir jeppanna sem um sé að ræða taki ekki fleiri farþega en leigubílar og jafnvel færri.

Bannið mun að sögn Kristjáns auka umferð í miðbænum og hafa alvarlegar afleiðingar fyrir ferðaþjónustufyrirtækin og hótelreksturinn sömuleiðis.

„Við höfum talað um að það þurfi að senda fólksbíla eftir fólkinu í staðinn. Og nú þegar er byrjað að nota stóra sendibíla fyrir töskur,“ segir Kristján sem telur greinilegt að málin hafi ekki verið hugsuð til enda.

„Þetta á eftir að auka endalausa traffík af gangandi fólki dragandi töskur á öllum tímum sólarhrings. Það verður mikla meira kaos og miklu meira ónæði en nú er,“ segir



Kristján. G. Kristjánsson mun ekki geta sótt farþega á Hótel Borg eftir næstu mánaðamót. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Maður sér fyrir sér fólk, hundruðum saman, dragandi á eftir sér töskur í blindbyl um miðjan vetur til að verða sótt á safnstæði.**
>
> Kristján G. Kristjánsson, stjórnarmaður í FETAR

Kristján og minnir á að Reykjavík sé ekki á Spáni: „Maður sér fyrir sér fólk, hundruðum saman, dragandi á eftir sér töskur í blindbyl um miðjan vetur til að verða sótt á safnstæði. Það verður alger ringulreið og hrun síðan þegar fólk neitar að vera á þessum hótelum. Þetta er alveg galið.“

Kristján gagnrýnir að borgin hafi ekki ráðfært sig við þá sem séu í þessum rekstri til að ná sátt um málin. Borgarkerfið sé andsnúið jeppafyrirtækjunum og fulltrúar FETAR hafi mætt þar „fordómum, hroka, frekju og dónaskap“ þegar reynt hafi verið að koma ábendingum á framfæri. Kristján segir að ef lúxusjeppafyrirtækin geti ekki sótt fólk á gististað verði þau að beina öllum sínum viðskiptum á gististaði utan bannsvæðanna. Það muni allar ferðaskrifstofur gera í framtíðinni. Ferðaskrifstofur erlendis séu þegar byrjaðar að nota önnur hótel.

**gar@frettabladid.is**




Garðsláttuvélar

Mikið úrval garðsláttuvéla - með rafmótor eða bensínmótor

MTD

ÞÓR HF

Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555

Opnunartími: Opið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar

Vefsíða og netverslun: www.thor.is




SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN SUZUKI SWIFT.

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

# Árásarmaður var undir smásjá lögreglu

**BRETLAND** Tveir þremenninganna, sem gerðu árás í London síðastliðið föstudagskvöld, hafa verið nafngreindir. Þeir hétu Khuram Butt og Rachid Redouane. Báðir voru felldir af lögreglu. Árásin gæti haft áhrif á niðurstöðu þingskosninganna á fimmtudag.

Mennirnir tveir óku sendiferðabíl á vegfarendur á London Bridge en yfirgáfu síðan bílinn. Þeir héldu áfram fótgangandi um Borough Market og stungu þá sem urðu á vegi þeirra. Sjö eru látnir eftir árás mannanna og 48 særðust, þar af átján lífshættulega.

Butt og Redouane voru frá Barking í London. Sá fyrrnefndi var fæddur í Pakistan en hinn átti foreldra frá Marokkó og Líbíu. Redouane var ókunnur yfirvöldum en Butt hafði verið undir smásjá þeirra undanfarin tvö ár. Þrátt fyrir það benti ekkert til þess að hann væri líklegur til að fremja slíkt ódæði.

Um helgina réðst lögregla í aðgerðir gegn mögulegum samstarfsmönnum árásarmannanna. Ellefu eru í haldi og hafa húsleitir farið fram í höfuðborginni í tengslum við málið.

Árásin hefur haft mikil áhrif á kosningabaráttuna í Bretlandi. Kallað hefur verið eftir því að Theresa May segi af sér en hún skar niður fjármagn til löggæslu í innanríkisráðherratíð sinni. Afleiðingin er mannekla hjá lögreglunni en fimmtán prósent hafa hætt síðan 2013. **– jóe**




**Þúsundir mættu til að minnast hinna látnu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Starfsmaður í þjálfun talaði lengst allra

**Þingmenn Vinstri grænna töluðu mest allra á nýliðnu þingi. Steingrímur J. Sigfússon var hins vegar nokkuð fjarri toppnum sem hefur ekki oft gerst síðan hann settist á þing árið 1983.**

**ALÞINGI** Hinn vinstri græni Kolbeinn Óttarsson Proppé er ræðukóngur 146. þings en það rann sitt skeið fyrir helgi. Athygli vekur að í fyrsta skipti svo árum skiptir er Steingrímur J. Sigfússon ekki á meðal þeirra þingmanna sem tala mest.

„Þetta er starf sem felur í sér að tala og mér finnst ég ekki hafa talað mikið,“ segir Kolbeinn. Hann kom nýr inn á þing síðasta haust og hafði aldrei tekið sæti þar áður. Það hafi haft nokkur áhrif á mínútur hans í pontu þingsins.

„Ég tók þá línu strax í upphafi að sitja í þingsal, vera eins konar starfsmaður í þjálfun, til að læra inn á þetta nýja starf. Ég held að þeir séu teljandi á fingrum annarrar handar klukkutímarnir sem ég var ekki þar,“ segir Kolbeinn. „Síðan hefur maður áhuga á svo mörgu og ef maður situr þarna þá vill maður taka þátt. Þetta gerðist eiginlega af sjálfu sér.“

Kolbeinn segir að hann hafi ekki spáð sérstaklega í ræðukóngstitlinum. Hann hafi tekið þetta tímabil sem starfsmaður í þjálfun en nú sé þjálfuninni lokið. Það þýði þó ekki endilega að hann muni tala minna.

„Áhugi minn mun ekki minnka eða ofurtrú á að fólk vilji heyra það sem ég hef að segja,“ segir Kolbeinn og skellir upp úr. Hann hlakkar til hefja leik að nýju í haust. „Ég skil ekki alveg þetta hlé. Ég held að það sé örlítið of langt. Það mætti klípa nokkrar vikur af því bæði í upphafi og enda þess.“

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, flokkssystir Kolbeins, talaði næstmest. Athygli vakti að fyrrverandi formaður flokksins, Steingrímur J. Sigfússon, var aðeins í 12. sæti yfir þá þingmenn sem mest töluðu á þinginu.

> **Ég tók þá línu strax í upphafi að sitja í þingsal, vera eins konar starfsmaður í þjálfun, til að læra inn á þetta nýja starf.**
>
> Kolbeinn Óttarsson Proppé, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

„Ég var forseti fyrir áramót og tók þá ekkert þátt í umræðum,“ segir Steingrímur. Eftir áramót var hann 1. varaforseti og hafði það einnig áhrif.

Ráðherrann fyrrverandi telur einnig til að nú hafi hann verið í velferðarnefnd en ekki efnahags- og viðskiptanefnd. Í þeirri nefnd hefur hann löngum setið og oft verið framsögumaður minnihlutaálita. „Þegar sú staða er uppi þá vill það oft gerast nánast sjálfkrafa að maður verði ræðukóngur,“ segir Steingrímur.

Þrátt fyrir að hann hafi ekki talað sig inn á topplista þessa þings fer því fjarri að Steingrímur hafi þagað. Alls talaði hann í á níundu klukkustund. Hann segir að það hafi legið snemma fyrir að annaðhvort Kolbeinn eða Bjarkey hlytu titilinn að þessu sinni.

„Það er aldrei að vita nema maður komi sterkur inn á nýju þingi,“ segir Steingrímur og hlær. „Ég er allavega ekki hættur að hafa skoðanir.“

**johannoli@frettabladid.is**

## Þessi töluðu lengst



| | | Flokkur | Fjöldi | Lengd |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Kolbeinn Ó. Proppé | V | 321 | 15:32:44 |
| 2 | Bjarkey Olsen Gunnarsd. | V | 244 | 14:47:36 |
| 3 | Björn Leví Gunnarsson | P | 332 | 11:35:37 |
| 4 | Katrín Jakobsdóttir | V | 224 | 11:25:33 |

## Þessir töluðu minnst



| | | Flokkur | Fjöldi | Tími |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Gunnar Hrafn Jónsson | P | 12 | 00:22:28 |
| 2 | Sigmundur D. Gunnlaugss. | B | 11 | 00:23:47 |
| 3 | Páll Magnússon | D | 18 | 00:31:47 |
| 4 | Gunnar Bragi Sveinsson | B | 34 | 01:21:39 |

## Þau fluttu stystu ræðurnar



| | | Flokkur | Fjöldi | Meðallengd |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Halldóra Mogensen | P | 106 | 1 mín. 42 sek. |
| 2 | Jóna Sólveig Elínard. | V | 71 | 1 mín. 44 sek. |
| 3 | Jón Þór Ólafsson | P | 142 | 1 mín. 45 sek. |
| 4 | Páll Magnússon | D | 18 | 1 mín. 46 sek. |

## Þau fluttu lengstu ræðurnar



| | | Flokkur | Fjöldi | Meðallengd |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Bjarkey Olsen Gunnarsd. | V | 244 | 3 mín. 38 sek. |
| 2 | Bjarni Benediktsson | D | 106 | 3 mín. 37 sek. |
| 3 | Silja Dögg Gunnarsd. | B | 124 | 3 mín. 31 sek. |
| 4 | Lilja Rafney Magnúsdóttir | V | 117 | 3 mín. 23 sek. |

## Málglöðustu varaþingmennirnir



| | | Flokkur | Fjöldi | Lengd |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Gunnar I. Guðmundsson | P | 86 | 02:20:15 |
| 2 | Viktor Orri Valgarðsson | P | 37 | 01:25:13 |
| 3 | Álfheiður Ingadóttir | V | 19 | 00:48:19 |
| 4 | Björn Valur Gíslason | V | 8 | 00:42:55 |
| 5 | Líneik Anna Sævarsdóttir | B | 12 | 00:40:09 |

## Þingflokkarnir

**1 Vinstri græn**
Meðalræðulengd: 2 mín. 57 sek.
Meðalræðufjöldi: 189,3

**2 Framsóknarflokkurinn**
Meðalræðulengd: 2 mín. 43 sek.
Meðalræðufjöldi: 100,5

**3 Björt framtíð**
Meðalræðulengd: 2 mín. 34 sek.
Meðalræðufjöldi: 117,8

**4 Samfylkingin**
Meðalræðulengd: 2 mín. 31 sek.
Meðalræðufjöldi: 178

**5 Viðreisn**
Meðalræðulengd: 2 mín. 21 sek.
Meðalræðufjöldi: 111,1

**6 Sjálfstæðisflokkurinn**
Meðalræðulengd: 2 mín. 20 sek.
Meðalræðufjöldi: 69,6

**7 Píratar**
Meðalræðulengd: 2 mín. 16 sek.
Meðalræðufjöldi: 133,8

## Meðalþingmaðurinn

Talar í **5 klst. 24 mín. og 58 sek.** í **128,6 ræðum**. Meðalræðulengd hans er því **2 mín. 32 sek**.

Þingfundir voru samtals **79** og stóðu í rúmar **383 klst.** Meðalþingfundurinn var **4 klst.** og **51 mín**. Lengsti þingfundurinn var **15 klst.** og **32 mín**. Þingfundadagar voru alls **61**. Aldrei var fundað yfir helgi.

FRUMSÝNING
FIAT
TIPO
HATCHBACK
Laugardaginn 10. júní
Opið frá 12 - 17
FIAT
fiat.is


5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-17

# Verið velkomin til Grindavíkur!



**SJÓARINN SÍKÁTI**

**GRINDAVÍK 9.-11. JÚNÍ 2017**

Dagskrá hátíðarinnar og allar nánari upplýsingar á

**www.sjoarinnsikati.is**

# LÚXUS
## BÍLAR BÍLALANDS

VIÐ HJÁ BÍLALANDI ERUM MEÐ NOKKRA LÚXUSBÍLA Á STÆÐINU. KOMDU Í HEIMSÓKN OG FÁÐU TILBOÐ HJÁ OKKUR.



www.bilaland.is

Rnr. 370582

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 05/15, ekinn 42 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 gírar.
VERÐ 10.290 þús. kr.

Rnr. 370580

LAND ROVER Range Rover Evoque HSE
Nýskr. 02/16, ekinn 11 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 9 gírar.
VERÐ 8.590 þús. kr.

Rnr. 192375

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 02/16, ekinn 64 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 gírar.
VERÐ 10.890 þús. kr.

Rnr. 143854

LAND ROVER Discovery 4 SE
Nýskr. 01/16, ekinn 61 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 gírar.
VERÐ 10.890 þús. kr.

Rnr. 390039

BMW X5 xDrive40e F15 PHEV
Nýskr. 09/16, ekinn 4 þ.km, bensín, sjálfskiptur, 8 gírar.
VERÐ 10.490 þús. kr.

Rnr. 284355

MERCEDES-BENZ GLS 350
Nýskr. 11/16, ekinn 12 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 9 gírar.
VERÐ 14.390 þús. kr.

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NMB2338


# Samstarfsslitin skilja Katar eftir einangrað

Óvissa ríkir á Arabíuskaganum eftir að fjöldi ríkja sleit stjórnmála- og viðskiptasambandi við Katar í gær. Yfirvöld segja vegið að sjálfstæði landsins en halda því fram að aðgerðirnar komi ekki til með að hafa nein áhrif á daglegt líf í landinu.

**KATAR** Andrúmsloftið við Persaflóa er eldfimt eftir að fjöldi Arabaríkja skar á öll stjórnmála- og viðskiptatengsl við Katar. Ástæðan er sú að ríkið á að hafa stutt við bakið á ýmsum öfga- og hryðjuverkahópum.

Meðal ríkja sem slitu tengsl við Katar eru Jemen, Egyptaland, Sameinuðu arabísku furstadæmin og Sádi-Arabía. Ljóst er að mestu munar um síðastnefnda ríkið enda Katar staðsett á skaga og á aðeins landamæri að Sádi-Arabíu.

Viðskiptaþvinganirnar ná einnig til flutninga á fólki. Landamærunum til Katar hefur verið lokað og erfitt getur reynst að koma vörum til landsins. Hingað til hafa um fjörutíu prósent af innflutningi landsins komið frá Sádi-Arabíu. Katörskum ríkisborgurum, sem staðsettir eru í löndunum í kring, hefur verið gefinn fjórtán daga frestur til þess að koma sér aftur til heimalandsins.

Stjórnvöld í Katar brugðust við fréttunum með yfirlýsingu um að aðgerðirnar myndu ekki hafa nein áhrif á daglegt líf í landinu. Ljóst er hins vegar að því fer fjarri. Stærstu flugfélög heimsins fljúga ekki til



**Lögreglumenn standa vörð um katarska sendiráðið í Kaíró.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**» Hingað til hafa um fjörutíu prósent af innflutningi landsins komið frá Sádi-Arabíu.**

landsins á meðan óvissuástand ríkir og þá mun þetta koma til með að hafa mikil áhrif á rekstur Qatar Airways. Íbúar landsins gripu margir hverjir til þess ráðs að hamstra mat og nauðsynjavörur og víða tæmdust hillur verslana af þeim sökum.

Stjórnvöld í Katar hafa löngum verið óvinsæl hjá nágrönnum sínum sökum stuðnings við hópa á borð við Bræðralag múslima en samtökin eru bönnuð í Sádi-Arabíu. Þá hefur velvild þeirra í garð Írana ekki orðið til þess að bæta úr skák. Kornið sem fyllti mælinn voru ummæli sem birtust fyrir tveimur vikum á vef ríkisfjölmiðils Katar. Þar fór emírinn, Tamin bin Hamad Al Thani, fögrum orðum um Íran. Stjórnvöld í Katar sögðu síðar að vefsíðan hefði orðið fyrir barðinu á tölvuþrjótum en sú skýring þótti ekki trúverðug.

„Í dag hefur Katar verið skotspónn herferðar sem er uppspuni frá rótum og enginn fótur er fyrir,“ segir í yfirlýsingu frá katarsta utanríkisráðuneytinu. „Herferðinni er ætlað að grafa undan Katar, stjórnvöldum og þegnum landsins.“

johannoli@frettabladid.is




# AEG *Alveg einstök gæði*

# Framlengjum um 2 daga

## -vegna fjölda áskorana viðskiptavina

1 ÞRIÐJUDAGUR - 06.06
2 MIÐVIKUDAGUR - 07.06

AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017




AEG 90 ÁR HJÁ ORMSSON 1927-2017

## 4 AEG GÁMAR Á 2 DÖGUM

**Mikið af AEG tækjum í eldhús og þvottahús Íslendinga.**
**Tilboð á AEG þvottavélum, þurrkurum og uppþvottavélum - á völdum módelum.**
**AEG ryksugur með 20% afslætti, úrval AEG kæliskápa og frystiskápa, ofnar, helluborð með 30% afslætti, viftur og háfar (Airforce, 50% af völdum módelum).**
**AEG smáraftæki með 20% afslætti. Verið velkomin í miðstöð AEG á Íslandi.**

## AEG - AÐEINS TVEIR VIÐBÓTARDAGAR

Sölumenn okkar eru í samningsstuði - þið komið og ræðið við sölufólk okkar, sem er í góðu skapi eins og alltaf og sérstaklega fúst til að láta þig njóta besta verðs og greiðsluskilmála, jafnvel vaxtalaust.
Þú færð nútíma AEG tæki og hagnast á samningsstuðinu.

NÝR VEFUR
Netverslun
ORMSSON.IS

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Lokað laugardaga í sumar**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

ORMSSON
**Greiðslukjör**
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Óskhyggja



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Líklegt er að umræða um lögreglu- og öryggismál verði áberandi síðustu dagana í kosningabaráttunni fyrir bresku þingkosningarnar á fimmtudag. Engu að síður er annað mál sem skiptir breska kjósendur miklu meira máli til lengri tíma litið. Það er hvernig vöru- og þjónustuútflutningi Breta verður háttað gagnvart Evrópusambandinu eftir Brexit.

Það er óskhyggja að halda að hin aðildarríki Evrópusambandsins séu ekki tilbúin að taka á sig kostnað til að ná pólitískum markmiðum þegar útganga Bretlands úr sambandinu er annars vegar. Hvers vegna ættu þau ekki að gera það? Fyrir sum þessara ríkja er aðildin að Evrópusambandinu samofin tilvist þjóðríkisins sjálfs. Eins og í tilviki langöflugasta ríkis Evrópusambandsins, Þýskalands. Í aðfaraorðum stjórnarskrár Sambandslýðveldisins Þýskalands segir að þýska þjóðin hafi samþykkt hana undir áhrifum þess markmiðs að stuðla að heimsfriði sem aðili að „sameinaðri Evrópu“. Hér er aðildin að Evrópusambandinu ein af grunnforsendum þjóðríkisins. Hversu mikið ætli Þjóðverjar séu tilbúnir að leggja á sig til að verja hugmyndina um sameinaða Evrópu? Hversu mikið ætli aðildarríki sambandsins séu tilbúin að leggja á sig til að tryggja að útganga úr sambandinu sé verra hlutskipti en aðild að því?

Um 44 prósent af öllum útflutningi Breta fara til annarra ríkja ESB. Hlutfallið er örlítið lægra þegar „Rotterdam-áhrifin“ hafa verið tekin með í reikninginn. Hér er þá vísað til vara sem stoppa fyrst í Hollandi á leið sinni annað. Theresa May, forsætisráðherra Breta, hefur reglulega sagt að enginn samningur um Brexit sé betri en vondur samningur. Ljóst er að takmörkuð innistæða er fyrir þessu slagorði því án samnings um Brexit eru Bretar án aðgangs að innri markaðnum.

Þegar Bretland hættir í Evrópusambandinu segir það skilið við samþættasta fríverslunarnet í heiminum. Um leið hætta vörur framleiddar í Bretlandi að vera vörur innri markaðarins. Þær verða ekki lengur „ESB-vörur“. Af þessu leiðir að semja þarf sérstaklega um flæði þessara vara inn á innri markað Evrópusambandsins.

Malcolm Barr hjá JP Morgan hefur útlistað í sérstöku minnisblaði að nauðsynlegt sé að tryggja einhvers konar verklag með samningi til að hægt sé að flytja vörur áfram frá Bretlandi og inn á innri markaðinn. Eitt praktísk vandamál sem Barr bendir á er að fjórðungur af útflutningi Bretlands inn á innri markaðinn fer í gegnum Calais í Frakklandi sem hefur takmarkað svigrúm til að taka á móti, flokka og vinna úr vörusendingum utan ESB. Annað vandamál felst í því að breskir vörubílstjórar munu ekki fá leyfi til að keyra með vörur sínar til ríkja Evrópusambandsins án sérstaks samkomulags.

Að þessu virtu er ljóst að allt tal um að „enginn samningur sé betri en vondur samningur“ um Brexit er algjörlega út í bláinn. Án samnings um útgönguna, sem útlistar fyrirkomulag verslunar- og viðskipta við ríki Evrópusambandsins eftir Brexit, munu bresk fyrirtæki og almenningur verða fyrir stórkostlegu tjóni.

**Þegar Bretland hættir í Evrópusambandinu segir það skilið við samþættasta fríverslunarnet í heiminum.**



UP!ÍLOFT
Nýr up! frá aðeins
1.790.000 kr.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen

## Halldór




## Frá degi til dags

**Réttarríkið**

**Lögmenn virðast sammála um þá túlkun laganna að Alþingi hefði átt að kjósa um hvern nýjan dómara í Landsrétti fyrir sig í stað þess að kjósa um listann í heild sinni. Við meðferð Alþingis hafi því í raun verið brotin lög. Þingmenn meirihlutans hafa sumir hverjir gripið til varna á Facebook og meðal annars bent á að allir þingflokksformenn hafi samþykkt þessa málsmeðferð. Eins og það breyti einhverju um hvort lög hafi verið brotin. Þingflokkur Sjálfstæðismanna hlýtur þó að vera mest áfram um að komast til botns í málinu, enda skipaður tíu lögfræðingum.**

**Pólitíkin**

**Það er farið að verða nokkuð ljóst að pólitískar skoðanir umsækjendanna fjögurra, sem teknir voru út af lista þeirra sem verða dómarar í nýjum Landsrétti, voru að þvælast fyrir dómsmálaráðherra. Stoltir vinstrimenn, eins og Ástráður Haraldsson, eiga ekki upp á pallborðið hjá Sigríði Á. Andersen. Stundin benti á að vefritið Vefþjóðviljinn, sem Sigríður ritstýrði, líkti skoðunum Ástráðs við þær sem viðgengust í Sovét-Rússlandi árið 2001. Sigríður er annáluð fyrir að vera blátt áfram í sinni pólitík. Það færi best á því að hún segði berum orðum að í hennar Landsrétti fengju engir kommar að ráða lögum.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Óboðleg vinnubrögð þriggja flokka



**Ari Trausti Guðmundsson**
þingmaður Vinstri grænna

Vandi verður óhjákvæmilega til þegar einhver ráðherra breytir vali mats- eða hæfnisnefndar við stöðuveitingar. Þá er algengt að orðræða hefjist um pólitískt geðþóttaval. Hana munum við í áratugi. Við því getur ráðherrann aðeins brugðist með hlutlægum, faglegum og skýrum rökum. Það gerði ráðherra dómsmála ekki nú þegar skipað var í Landsrétt í fyrsta sinn. Ráðherra hefði átt að byggja bæði á upplýsingum um umsækjendur frá nefndinni og sjálfstæðri skoðun. Það er eðlileg rannsóknarskylda. Ávallt gildir fyrsti skriflegur rökstuðningur sem vali ræður en eftiráskýringar og mótsagnir duga skammt.

Lög um Landsrétt voru unnin í sátt á Alþingi með Ólöfu heitinni Nordal í mikilvægu hlutverki og stjórnarandstöðu sem tók undir samfélagskröfu um millidómstig. Núverandi dómsmálaráðherra hefur rofið samfélagssáttina með gamalkunnri óbilgirni.

Enginn efast um rétt ráðherra til stöðuveitinga né heldur snýst þetta vandræðamál um hvern og einn umsækjanda. Það varðar skort á ljósum og gildum rökum fyrir fjórum tilfærslum á hæfnislista matsnefndar. Fyrst fjölluðu rök ráðherra um dómarareynslu en þau duga skammt, sé hlustað á mál þingmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og nefndarálit lesin. Þá greip ráðherra til munnlegra raka um kynjakvóta og á þau leggja stjórnarliðar áherslu. Ljóst má vera að kynjajafnrétti getur vissulega falist í að skipta út tveimur körlum fyrir tvær jafn hæfar konur. En tveir karlar víkja til viðbótar. Sú ákvörðun er ekki studd haldbærum rökum í máli ráðherra.

Að sjálfsögðu áttu stjórnarflokkarnir að gefa þinginu ráðrúm til að fara betur yfir rök og ólík bréf ráðherra, og svo alla embættisfærslu hennar, og taka loks ákvörðun um lyktir á aukaþingdögum eftir miðjan júní. Viðreisn og Björt framtíð, sem báðir hafa heitið nýjum vinnubrögðum og minna fúski, koma illa út úr stuðningi við ferlið. Það einkennist af frávísun á allri gagnrýni og skýrum vilja til að keyra endanlegt val ráðherra í gegn á Alþingi, á tveimur til þremur dögum.

**Fyrst fjölluðu rök ráðherra um dómarareynslu en þau duga skammt, sé hlustað á mál þingmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd og nefndarálit lesin.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heppin þjóð



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Á síðustu dögum vorþings var það um margt eins og sveitaböll hér á árum áður, þingmenn töluðu mikinn en sögðu fátt og varla var nokkur möguleiki að skilja það sem þó heyrðist fyrir háværum undirtóni, angurværum, sem ku eiga rætur sínar í því þegar slæmar samviskur um það bil 62 manna sem eru samtímis í húsi, gera það sem slæmum samviskum er lagið og mynda kór og syngja Ó, Jesús bróðir besti. Það vantar einn upp á fullt hús vegna þess að hann er flestum stundum að leita að sænskum blaðamanni sem fékk hann til þess að segja ósatt fyrir framan myndavélar. Sumir halda að hann muni biðja blaðamanninn afsökunar ef hann finnur hann, aðrir halda að honum hafi einfaldlega líkað svo vel sú lífsreynsla að segja ósatt fyrir framan myndavél að hann vilji fá að gera meira af því. Flest af því sem hann hefur sagt opinberlega upp á síðkastið bendir til þess að síðari kosturinn reynist réttur.

En þótt þingheimur hafi yfirleitt hljómað eins og hann hefði teygað vökva af þeirri gerð sem yljaði mönnum á sveitaböllum, sjálfsupphafinn, málglaður, úr tengslum við raunveruleikann, og í engu skapi til þess að efna loforð sem hann gaf þjóðinni fyrir kosningar, þá voru á því undantekningar. Heilbrigðismálaráðherra var ein þeirra en hann hljómaði að vanda eins og hann væri stóned, skakkur, freðinn eða hvað svo sem menn vilja kalla það ástand sem fólk fer í við neyslu kannabis. Hann var þýðmæltur og talaði fallega um að hann vildi endilega endurreisa heilbrigðiskerfið en það væru bara engir peningar til. Kannski talar hann svona vegna þess að hann vann lengi við að afgreiða í bókabúð og sá bara hvernig fólk eyðir fé en ekki hvernig það aflar fjár, einn af þeim mönnum sem sjá bara það sem er öðrum megin við sama sem merkið þegar hann horfir á jöfnur. Það hefur nefnilega aldrei verið meiri auður í íslensku samfélagi og það væri í samræmi við vilja fólksins í landinu að skattleggja þennan auð til þess að standa straum af kostnaði við gott heilbrigðiskerfi.

En það er ljóst að þegar maður er allt í einu orðinn ráðherra og svífur um í sinnepslitum jakkafötum, á svipinn eins og heimurinn sé búinn til úr bómull, þá hefur maður enga þörf fyrir að standa við loforð sem maður gaf fyrir kosningar og maður hefur fullan rétt á því að segja samfélaginu að þær kröfur sem maður gerði að sínum fyrir kosningar séu óraunhæfar eftir þær. Honum gleymist líka að þegar maður talar, hversu þýðlega sem það er gert, er maður bara að tjá það sem maður veit, en ef maður hlustar gæti maður lært. Ætli tregða hans til þess að hlusta sé vegna þess að hann sé hræddur við að læra eitthvað ljótt? Það er greinilega ein af aðferðunum til þess að takast á við sögur af þjáningu og eymd, sem á rætur sínar í löskuðu heilbrigðiskerfi, að hlusta ekki en horfa dulúðugum augum út í heiminn, skakkur á svip og segja eitthvað fallegt og undurmjúkt.

Það er ljóst á fimm ára áætlun ríkisfjármála sem Alþingi samþykkti á dögunum að ríkisstjórnin ætlar að svíkja flest ef ekki allt sem þjóðin á skilið, bað um og var lofað fyrir kosningar. Hún virðist staðráðin í að vinna keppnina um það hver sé versta ríkisstjórn í sögu lýðveldisins. Og ég prísa okkur samt sæl þótt undarlegt megi virðast. Þegar bölvunin verður blessun, sem gerist af og til, minnir það mig gjarnan á sögu sem ég hef oft sagt af því þegar faðir minn sté út úr bíl við bæ í Suðursveit og hundur rauk á hann og beit hann í hægri fótlegginn. Faðir minn var einfættur og með gervifótlegg úr áli hægra megin þannig að hundgreyið fékk taugaáfall og þaut ýlfrandi frá bænum, niður brekkuna, fyrir fjóshorn og sást ekki aftur í nokkra daga. En faðir minn leit á mig og sagði brosandi út undir eyru: Þarna sérðu, strákur, það er ekki alltaf vont að hafa glatað fæti.

Stjórnarandstaðan á Þingi er sá hundur sem hefur sannfært mig um að núverandi ríkisstjórn sé ekki það versta sem hefði getað komið fyrir okkur. Stjórnarandstaðan er gagnslaus, hugmyndasnauð og málstola. Hvar eru tillögur stjórnarandstöðunnar um endurreisn heilbrigðiskerfisins, til minnkunar á muninum á þeim sem eiga og eiga ekki, að heilbrigðu bankakerfi og til þess að takast á við árekstra hagsmuna samfélagsins og hagsmuna þeirra sem samfélagið hefur kosið til þess að stjórna sér? Hvar er stjórnarandstaðan? Skyldi hún halda að hún sé að ferja okkur inn í betri heim og að leiðin liggi í gegnum Vaðlaheiðargöngin? Það er eins gott fyrir hana að gera sér grein fyrir því að í þá ferð fer hún ein. Það fylgir henni enginn. Að lokum ráð til lesandans: þegar þú fyllist örvæntingu út af vesöld ríkisstjórnarinnar mundu að þetta hefði getað verið verra.

Við hefðum getað endað með núverandi stjórnarandstöðu í ríkisstjórn og það er staðreynd að þótt ríkisstjórnin sé býsna slöpp er stjórnarandstaðan líklega verri. Þar af leiðandi eigum við kannski að prísa okkur sæl fyrir þann gervifót sem ríkisstjórnin er þótt það þýði að við verðum ein og óstudd að sjá um að veita henni aðhald, stjórnarandstaðan á Þingi leggur þar næstum ekkert af mörkum.


## Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 29. júní nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins verða birtar á vef sjóðsins, frjalsi.is, tveimur vikum fyrir ársfund.

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og tvo varamenn til eins árs. Framboð til stjórnar þarf að liggja fyrir eigi síðar en sjö dögum fyrir ársfund og ber að tilkynna framboð til stjórnar með sannanlegum hætti.

### Mest verðlaunaði sjóðurinn

Frá árinu 2005 hefur Frjálsi lífeyrisjóðurinn unnið til tíu verðlauna í lífeyrissjóðasamkeppnum á vegum fagtímaritsins **Investment Pension Europe**. Þetta er mesti fjöldi verðlauna sem íslenskum lífeyrissjóði hefur hlotnast.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað. Allir geta greitt viðbótarlífeyrissparnað í sjóðinn.

Hafðu samband við okkur í síma 444 7000 eða sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is.

Á frjalsi.is má sjá upplýsingar um þjónustustaði sjóðsins.

## Meginniðurstöður ársreiknings
(í milljónum króna)

| Efnahagsreikningur 31.12.2016 | |
|---|---|
| **Eignir** | |
| Eignarhlutar í félögum og sjóðum | 74.525 |
| Skuldabréf | 105.813 |
| Bundnar bankainnstæður | 1.342 |
| **Fjárfestingar alls** | **181.680** |
| Kröfur | 1.039 |
| Handbært fé | 3.755 |
| **Eignir samtals** | **186.474** |
| **Skuldir** | **-929** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **185.545** |

| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2016 | |
|---|---|
| Iðgjöld | 14.011 |
| Lífeyrir | -3.662 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 1.344 |
| Rekstrarkostnaður | -368 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 11.325 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 174.220 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **185.545** |

| Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2016 | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 2.547 |
| *Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum* | *4,9%* |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | 2.507 |
| *Í hlutfalli af heildarskuldbindingum* | *1,9%* |

| Kennitölur | |
|---|---|
| Eignir í íslenskum krónum | 80,4% |
| Eignir í erlendri mynt | 19,6% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga[1] | 16.633 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 53.949 |
| Fjöldi lífeyrisþega[2] | 2.171 |

[1] Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.
[2] Meðalfjöldi lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.

| Nafnávöxtun | 2016 | Sl. 5 ár* |
|---|---|---|
| Frjálsi 1 | -1,3% | 8,0% |
| Frjálsi 2 | 2,2% | 6,5% |
| Frjálsi 3 | 4,3% | 4,5% |
| Frjálsi Áhætta | -2,0% | 8,7% |
| Tryggingadeild | 2,0% | 7,5% |

*Á ársgrundvelli



Arion banki
– fyrir framtíðina

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Konunglegar móttökur fyrir Real í Madrid




**Sögulegur sigur** Real Madrid varð fyrsta félagið síðan núverandi fyrirkomulag á Meistaradeild Evrópu var tekið upp árið 1993 til að verja Evrópumeistaratitil sinn. Það gerði liðið með því að leggja Juventus að velli í úrslitaleiknum í Cardiff, 4-1. Cristiano Ronaldo skoraði tvö markanna en Casemiro og Marco Asensio eitt hvor. Mario Mandzukic skoraði mark Ítalanna en það var stórglæsilegt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýt mín best á stærsta sviðinu

**Aron Pálmarsson viðurkennir fúslega að vonbrigðin að hafa ekki unnið Meistaradeild Evrópu með Veszprem hafi verið mikil. Aron sýndi enn og aftur sínar bestu hliðar í Köln, á stærsta sviði handboltaheimsins.**

**HANDBOLTI** Aron Pálmarsson og félagar hans í ungverska meistaraliðinu Veszprem þurftu að láta sér að góðu verða að vinna bronsverðlaun í Meistaradeild Evrópu þetta árið, eftir sigur á stórliði Barcelona í bronsleiknum í úrslitahelgi keppninnar í Köln. Veszprem varð naumlega af sæti í úrslitaleiknum eftir eins marks tap fyrir PSG frá Frakklandi.

Aron var að spila í sjötta sinn í Final Four, eins og úrslitahelgin er kölluð, á ferlinum. Tvívegis varð hann Evrópumeistari með Kiel en í hvorugt skiptið tókst honum að verða meistari með Veszprem síðan hann fór til Ungverjalands sumarið 2015.

„Þessi helgi var mér gríðarleg vonbrigði. Við spiluðum að vísu vel og gerðum vel með því að vinna leikinn um þriðja sætið en það gerir ekkert fyrir mig. Það eina sem það gerði var að auðvelda ferðalagið heim til Ungverjalands,“ sagði Aron við Fréttablaðið í gær, frá heimili sínu ytra.

„Tapið fyrir PSG á laugardag var afar erfitt. Betra liðið fór ekki áfram,“ sagði Aron ákveðinn. „Allir eru sammála um að PSG er með sterkara lið á pappírnum en mér fannst þeir ekki standa undir þeim væntingum sem eru gerðar til liðsins í þessum leik. Mér fannst þeir ekki spila betur en við.“

Hann segir einnig að það hafi verið erfitt að sætta sig við dómgæslu makedónska parsins Nikolov og Nachevski í leiknum. „Ég hef nú ekki sagt þetta opinberlega hingað til en mér fannst hallað á okkur í dómgæslunni. Ég er harður á því.“



### Reyni að gefa af mér

Aron hefur tvívegis verið valinn besti leikmaður úrslitahelgarinnar og sýndi mögnuð tilþrif, enn og aftur, um helgina. Gegn PSG átti hann annan tug stoðsendinga og gegn Barcelona í bronsleiknum var hann markahæstur með átta mörk og dró vagninn á lokakaflanum, er Veszprem tryggði sér fjögurra marka sigur.

„Mér finnst hrikalega skemmtilegt að spila í Köln,“ segir Aron aðspurður um hvað það er sem laði fram það besta í honum þegar hann spilar þar. „Það eru 20 þúsund manns að horfa, mikil og stór umgjörð og allir að fylgjast með. Ég nærist mest á þessu. Ég er nú búinn að fara oft á Final Four og þetta er það skemmtilegasta sem ég geri – hér eru bestu liðin og pressan mest.“

Hann segist ekki koðna niður þegar álagið er sem mest, þvert á móti. „Auðvitað er ég með fiðrildi í maganum fyrir leiki en eins og ég hef áður sagt þá læt ég ekki stress skemma fyrir mér. Ég nýt þess frekar, að spila með bestu leikmönnum heims fyrir framan allt þetta fólk. Ég fer brosandi inn í leikina og nýt hvers augnabliks. Ég reyni að gefa af mér til fólksins sem borgar sig inn á leikina.“

### Framtíðin skýrist á næstu vikum

Aron á eitt ár eftir af samningi sínum við Veszprem en óvíst er hvort hann klári hann. Líkur eru á því að leikurinn um helgina hafi verið hans síðasti með ungverska liðinu en hann hefur sterklega verið orðaður við Barcelona síðustu vikur og mánuði. Sjálfur vill hann ekkert segja um það.

„Ég get sagt að þetta muni allt skýrast á næstu tveimur vikum. Þá mun ég tilkynna hvað verður um mig, hvort ég fari núna eða á næsta ári. Ég get ekki sagt meira í bili,“ segir hann sposkur.

Hann segist þrátt fyrir allt sáttur við þessi tvö ár í Ungverjalandi, sama hvað verður í sumar. „Ég viðurkenni þó að ég er vonsvikinn yfir að hafa ekki unnið Meistaradeildina. Það var stóra markmiðið. Það er ömurlegt að ná því ekki eftir að hafa verið svo nálægt því.“ eirikur@frettabladid.is

### Spjallaði frekar við Alfreð yfir úrslitaleiknum

Aron Pálmarsson sá lítið af úrslitaleik Vardar Skopje og PSG á sunnudag, enda enn að jafna sig eftir vonbrigði laugardagsins.

„Það var erfitt og grautfúlt að horfa á úrslitaleikinn. Enda gerði ég lítið af því og spjallaði þess í stað við Alfreð [Gíslason], minn gamla þjálfara [hjá Kiel],“ segir Aron.

Vardar Skopje kom flestum að óvörum með því að verða Evrópumeistari, Aroni meðtöldum. „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá reiknaði ég ekki með þessu í upphafi tímabils.“

Vardar spilar með Veszprem í SEHA-deildinni svokölluðu, úrvalsdeild liða úr austurhluta Evrópu, og þekkir Aron því vel til bæði liðsins og þjálfarans Raul Gonzalez.

„Ég hef aðeins kynnst honum og þetta er frábær manneskja og algert handboltaséní. Hann hefur náð ótrúlegum árangri og þessi 5-1 vörn hans er þokkalegt meistarastykki. Hún skilaði titlinum en það skemmdi ekki fyrir að vera með besta markvörð heims [Arpad Sterbik] í markinu.“

Sterbik var eftir úrslitaleikinn útnefndur besti leikmaður úrslitahelgarinnar í Köln.

## Um helgina

**Pepsi-deild karla**

**Valur - ÍBV 2-1**
1-0 Sigurður Egill Lárusson (4.), 1-1 Kaj Leo í Bartalsstovu (44.), 2-1 Sveinn Aron Guðjohnsen (73.).

**FH - Stjarnan 3-0**
1-0 Steven Lennon (23.), 2-0 Kristján Flóki Finnbogason (63.), 3-0 Þórarinn Ingi Valdimarsson (81.).

**Víkingur Ó - KA 1-4**
0-1 Emil Lyng (3.), 0-2 Emil Lyng (22.), 0-3 Elfar Árni Aðalsteinsson (48.), 1-3 Gunnlaugur Hlynur Birgisson (86.), 1-4 Emil Lyng (89.

**ÍA - Breiðablik 2-3**
0-1 Gílsi Eyjólfsson (6.), 0-2 Arnþór Ari Atlason (9.), 0-3 Arnþór Ari Atlason (57.) 1-3 Þórður Þorsteinn Þorðarson (59.), 2-3 Arnar Már Guðjónsson (93.)

**KR - Grindavík 0-1**
0-1 Andri Rúnar Bjarnason (88.)

**Víkingur R - Fjölnir 2-1**
0-1 Þórir Guðjónsson (20.), 1-1 Ivica Jovanovic (59.), 2-1 Vladimir Tufegdzic (70.)

**Efri**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 13 | KA | 11 |
| Valur | 13 | FH | 9 |
| Grindavík | 13 | Breiðablik | 9 |

**ÍSLAND ENN MEÐ FLEST GULL**
Ísland vann til þriðju flestu verðlauna á Smáþjóðaleikunum sem lauk í San Marínó á laugardag, 60 talsins. Þar af fékk Ísland 27 gullverðlaun. Lúxemborg vann flest, alls 38 gull og 98 alls. Kýpur kom svo næst með 30 gull og 84 verðlaun alls. Kýpur tók fram úr Íslandi á leikunum hvað varðar heildarfjölda verðlauna frá upphafi en Íslendingar eiga þó enn flest gullverðlaun frá upphafi, 479 talsins. Kýpur kemur þó skammt undan með 468 gullverðlaun. Hrafnhildur Lúthersdóttir vann sjö gullverðlaun í San Marínó, Bryndís Rún Hansen sex og Eygló Ósk Gústafsdóttir fimm auk einna bronsverðlauna en allar keppa þær í sundi. Frjálsíþróttakonan Arna Stefanía Guðmundsdóttir vann þrenn bronsverðlaun.



**STÓRLEIKUR Í LAUGARDALNUM?**
Fréttastofa RÚV greindi frá því í gær að útlit væri fyrir að Manchester City og West Ham muni mætast í æfingaleik á Laugardalsvelli í vikunni fyrir verslunarmannahelgi. Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, staðfesti við íþróttadeild að erlent fyrirtæki hefði spurst fyrir um að fá Laugardalsvöll leigðan í sumar. Ekki er útilokað að fleiri komist að en aðeins þeir sem stúka vallarins rúmar, þar sem heimilt er að setja upp aukastúkur á æfinga- og vináttuleikjum.

**EIMSKIPSMÓTARÖÐIN**

**Ungir sigurvegarar í Borgarnesi**
*Vikar Jónasson, GK, og Ragnhildur Kristinsdóttir, GR, báru sigur úr býtum á Símamótinu, fjórða móti Eimskipsmótaraðarinnar, sem fór fram á Hamarsvelli í Borgarnesi um helgina. Vikar er tvítugur en Ragnhildur nítján ára.*

**BORGUNARBIKARINN**

**Þór/KA óstöðvandi**
*Þór/KA, topplið Pepsi-deildar kvenna, hélt áfram sigurgöngu sinni með því að slá Breiðablik úr leik í 16-liða úrslitum Borgunarbikars kvenna á laugardag, 3-1. Dregið verður í fjórðungsúrslit á morgun í bæði kvenna- og karlaflokki.*

Fólk
ÞRIÐJUDAGUR 6. JÚNÍ 2017
Heilsa



Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir segir jurtatínslu holla útiveru sem öll fjölskyldan geti stundað.

# Íslenskar jurtir má nýta í mat

**Íslenskar jurtir hafa verið nýttar til lækninga gegnum aldir. Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir vill þær í almenna matargerð og kennir námskeið um nýtingu jurta.** →2



Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Framhald af forsíðu ➪

Mér er það hjartans mál að fólk noti íslenskar jurtir meira sem hluta af mataræðinu. Lækningajurtir eru dýrmætar afurðir náttúrunnar og við lyftum heilsunni upp á næsta plan með því að bæta þeim inn í daglegt mataræði,“ segir Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir en hún kennir námskeið um íslenskar jurtir í kvöld.

„Alveg eins og við notum erlendar kryddjurtir sem við kaupum úti í búð í matargerð má vel steikja stilkana af spánarkerfli á pönnu með öðru grænu grænmeti eða nota í súpur. Hvannastönglar eru kjörnir í súpur og hvannafræ má nota á lambalærið. Blóðberg er til dæmis gott að nota í eggjakökur og haugarfi er frábær í salat og þeytinga. Þá má pressa jurtirnar í safapressu,“ segir Ásdís.

Algengar jurtir sem finna má í nærumhverfi okkar og flestir þekkja í sjón eru til dæmis vallhumall, birki, túnfífill, mjaðjurt, blóðberg og gulmaðra. Á námskeiðinu fer Ásdís meðal annars yfir hvaða áhrif jurtirnar hafa á heilsuna og yfir helstu atriði sem hafa þarf í huga við tínslu jurta, verkun þeirra og nýtingu.

„Það eru ákveðnir þættir sem skipta máli við tínslu jurtanna,“ segir Ásdís. „Tína þarf hverja jurt við kjöraðstæður til að ná hámarks virkni úr plöntunum og mismunandi tími sumars á við mismunandi tegundir. Ákveðin veðurskilyrði þurfa einnig að vera til staðar, bjart og þurrt. Þær jurtir sem nota á laufin af eru tíndar snemmsumars en blómin um mitt sumar. Til dæmis eru blómin notuð af vallhumli. Þær jurtir sem tímabært er að tína núna eru til dæmis birki og túnfífill.

Náttúran gefur af sér allar þessar ókeypis afurðir og ef við lærum aðeins inn á þetta ættum við að nýta okkur jurtirnar í mun meira mæli en við gerum. Þessi kunnátta var til staðar. Mér finnst að við eigum að færa okkur aftur til upprunans. Jurtatínsla er einnig holl útivera og samvera en það er ánægjulegt að fara út og tína með fjölskyldunni og um að gera að virkja krakkana.“



Túnfífilsblöð er hægt að tína núna og nota til dæmis í pestó.



Nánar má kynna sér fróðleik Ásdísar á www.grasalaeknir.is eða á www.facebook.com/grasalaeknir.is

## Villt túnfífilspestó

- 1 stór hnefi túnfífilsblöð
- 1 hnefi fersk basilíka
- ½-1 bolli valhnetur
- 1 bolli furuhnetur
- 3 msk. límónu- eða sítrónusafi
- 1-3 stór hvítlauksrif
- 1 tsk. sjávarsalt
- 1 msk. rifinn parmesanostur
- 200 ml lífræn ólífuolía

Hægt er að blanda saman túnfífli og klettasalati ef vill. Allt sett í matvinnsluvél og hvítlaukur saxaður áður. Blandað þar til mjúkt og olíu bætt við ef þörf er á. Geymið í glerkrukku og kæli og best er að hella smá olíu efst í krukkuna áður en lok er sett á til þess að auka líftíma. Getið notað kasjúhnetur ef þið viljið og vegan parmesanost eða ½-1 msk. næringarger til að fá ostabragðið.



Blómin af vallhumli er best að tína miðsumars.



Blóðberg er kjörið til að bragðbæta eggjakökurnar.

# Töfrar ítalska eldhússins

## Nýlega var sælkeraverslunin Massimo og Katia Gourmet italiano opnuð við Laugaveg í Reykjavík. Þar eru í boði ljúffengar ítalskar sælkeravörur.

Ítölsk matargerð nýtur mikillar hylli um allan heim og þar er Ísland engin undantekning. Nokkrir ítalskir veitingastaðir hafa verið starfræktir hér undanfarna áratugi við miklar vinsældir landsmanna, þar á meðal veitingastaðurinn Massimo og Katia sem ítölsku hjónin Massimo og Katia ráku í nokkur ár við Laugarásveg í Reykjavík. Nú hafa hjónin opnað sælkeraverslun undir nafninu Massimo og Katia Gourmet italiano við Laugaveg 163 í Reykjavík þar sem þau selja ljúffengar ítalskar matvörur frá ýmsum héruðum Ítalíu. „Við bjóðum m.a. upp á extra virgin ólífuolíu úr handtíndum ólífum með aðeins 0,32% sýrustig. Þessi olía hentar frábærlega vel sem salatdressing, með kjöti og fiski og súpum svo dæmi séu tekin. Einnig seljum við hér gott úrval af grænum og svörtum ólífum, ýmsar gerðir af ljúffengum gæðasveppum í ólífuolíu, grillaða ætiþistla í olíu og sneidd eggaldin samkvæmt gömlum hefðum frá Puglia sem er í suðurhluta landsins,“ segir Massimo.

Osturinn og áleggin eru heldur ekki langt undan, segir Katia. „Að sjálfsögðu seljum við hinn fræga ítalska Parmigiano Reggiano ost, mortadella-pylsuna sem inniheldur m.a. pistasíuhnetur og er mjög vinsælt álegg á Ítalíu, auk ýmissa tegunda af skinkum frá Emilia Romagna sem er í norðausturhluta landsins.“



Girnilegar pylsur og skinkur, ólífur, gæðasveppir, úrvals ólífuolíur, ostar, kaffi og ansjósur er meðal þess sem finna má í nýrri sælkeraverslun við Laugaveg.

### Gott verð

Meðal annarra ljúffengra vara nefna þau hjónin kryddaðar Salsiccia Napoli pylsur, ítalska gæðakaffið frá Kimbo sem kemur frá Napólí, vel kryddaða salamipylsu, gómsæt chili-, ætiþistla- og ólífumauk sem er frábært að smyrja ofan á brauð, ansjósur frá Suður-Ítalíu og reykta prosciutto-skinku frá Norður-Ítalíu. „Þessa má geta að allar kjötvörur frá okkur koma frá dýrum sem hafa verið alin við mannúðlegar aðstæður og innihalda engin óæskileg aukaefni.“

Hjónin leggja mikinn metnað í að bjóða upp á gott verð og persónulega þjónustu. „Einnig má nefna að við seljum skemmtilega forréttaplatta sem er frábær kostur fyrir þá sem hafa ekki tíma eða vilja koma fjölskyldu eða félögum sínum á óvart, t.d. í tengslum við partí, afmælisveislur, fundi eða einfaldlega sem ljúffengt snakk. Fyrir þá viðskiptavini sem þekkja ekki nógu vel ítalskar gæðavörur er öllum velkomið að koma og smakka á þeim vörum sem þeir vilja kynnast.“



Hjónin Massimo og Katia fyrir framan sælkeraverslun sína við Laugaveg. MYNDIR/ANTON BRINK

Sælkeraverslunin Massimo og Katia Gourmet italiano er staðsett á Laugavegi 163. Símanúmerið er 588-9898.

Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Massimo og Katia Gourmet italiano.

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 6. JÚNÍ 2017



# Tvöföldun hestafla

Meðalhestaflafjöldi hefur farið úr 145 í 283 í Bandaríkjunum á 40 árum. Kia Sorento er nú með álíka afl og Aston Martin DBS árið 1976. ➔2



## GM dregur sig frá Indlandi, S-Afríku og Singapore

General Motors ætlar að hætta sölu bíla á Indlandi og í Suður-Afríku við lok þessa árs. Er þetta liður í niðurskurði á lítt ábótasamri starfsemi GM víða um heim. GM mun leggja þess meiri áherslu á bílamarkaði þar sem sala bíla skilar einhverjum hagnaði. Í fyrri plönum GM var meiningin að fjárfesta fyrir 1 milljarð dollara til framleiðslu ódýrra bíla á Indlandi og sölukerfi þar í landi. Þeim áætlunum hefur nú verið lagt. GM hefur undanfarið hætt starfsemi þar sem tap hefur verið á henni og hætti t.d. sölu Chevrolet bíla í Evrópu um síðustu áramót og seldi Opel/Vauxhall merkin til PSA Peugeot/Citroën. Dan Ammann, forstjóri GM, segir að mun meira vit sé í því að fókusera á tækifærin sem séu á þeim mörkuðum sem skila ábata en að vera sífellt að slökkva elda á þeim mörkuðum sem aldrei skila neinu nema tapi. Það þýðir í grófum dráttum að GM ætlar að leggja áherslu á heimamarkaðinn í Bandaríkjunum og Kína, sem og í Suður-Ameríku.

GM seldi aðeins 49.000 bíla á Indlandi og í Suður-Afríku á síðasta ári, svo þessi tvö lönd skipta ekki miklu máli í heildarstarfsemi GM. Undanfarið hefur bílasala á Indlandi verið á undanhaldi og auðveldar það GM að taka þessa ákvörðun. GM er reyndar með eina bílaverksmiðju á Indlandi og verður starfsemi hennar haldið áfram, en allir bílar sem þar verða framleiddir verða fluttir til annarra landa. Þar vinna um 2.500 manns. GM er líka með eina verksmiðju í Suður-Afríku en ætlar að selja hana til Isuzu Motors sem og 30% hlut sem GM á í annarri verksmiðju með Isuzu.


Frá verksmiðju General Motors á Indlandi.

## Fiat Chrysler kært fyrir dísilvélasvindl vegna Jeep og Ram

Bandarísk yfirvöld hafa ákært Fiat Crysler Automobiles fyrir notkun á hugbúnaði sem felur raunverulega mengun dísilbíla þeirra. Fiat Chrysler neitar öllum ásökunum öndvert við Volkswagen sem viðurkenndi notkun slíks búnaðar. Fiat hefur unnið með Environmental Protection Agency (EPA) og yfirvöldum í Kaliforníu vegna rannsóknar á ætluðum svindlhugbúnaði í 2014-2016 árgerðunum af Jeep Grand Cherokee og Ram 1500 bílum með dísilvélum, en rannsókn á þeim hefur leitt í ljós svindlhugbúnað í þessum bílum. Við þessar fréttir féllu hlutabréf í Fiat Chrysler um 4,1%. Ákæran nær einnig til dótturfyrirtækis Fiat Chrysler, V.M. Motori SpA, en það fyrirtæki þróaði vélbúnaðinn í þessa bíla. Fiat Chrysler keypti helming hlutabréfa í V.M. Motori SpA árið 2010 og allt hlutafé þess árið 2013.

### Gæti kostað Fiat Chrysler 460 milljarða króna

EPA segir að hæsta sekt sem leggja má á fyrir þetta svindl ef satt reynist sé 4,6 milljarðar dollara, eða 460 milljarðar króna. Ákæran nú varðar sölu á 104.000 bílum af Jeep Grand Cherokee og Ram 1500 bílum með dísilvélum. Til samanburðar hefur Volkswagen samþykkt að greiða 25 milljarða dollara vegna dísilvélasvindl þess vegna bíla sem seldir voru í Bandaríkjunum, en það varðaði sölu á 500.000 bílum. Yfirvöld í Þýskalandi hafa einnig ásakað Mercedes Benz fyrir að gefa upp rangar mengunartölur fyrir dísilbíla sína sem seldir voru þar í landi. Það er því ekki bjart yfir dísilbílaframleiðendum víða um heiminn nú og hætt við því að framleiðsla dísilvéla muni svo gott sem leggjast af í fólksbílum á næstu árum.


Chevrolet Camaro er einn öflugra bíla sem framleiddir eru í Bandaríkjunum.

# Hestaflafjöldinn tvöfaldaðist á fjörutíu árum

## Meðalhestaflafjöldi úr 145 í 283 í Bandaríkjunum á 40 árum og upptak helmingast.

Ef ökumaður frá 1976 myndi fá að aka hefðbundnu ökutæki dagsins í dag yrði hann ekki bara hissa á allri tækninni sem í nútímabílum er, heldur einnig því afli sem bílarnir búa yfir. Meðalhestaflafjöldi hefur farið úr 145 í 283 í Bandaríkjunum á síðustu 40 árum, eða næstum um helming. Bílar sem til sölu eru í Bandaríkjunum eru fremur öflugir miðað við aðra bílamarkaði, enda gjarna stórir og þurfa því mikið afl. Að sama skapi þurfa bílar nútímans að meðaltali helmingi skemmri tíma til að fara úr kyrrstöðu í 100 km hraða, eða 7 sekúndur í stað 14 árið 1976. Árið 1976 var reyndar aðeins einn bíll í bílasölum landsins sem var yfir meðalhestaflafjöldanum nú, eða Aston Martin DBS sem var 285 hestöfl og var hann 75 hestöflum aflmeiri en Chevrolet Corvette þá.

### Kia Sorento með álíka afl og Aston Martin DBS árið 1976

Núna er Kia Sorento með álíka afl og Aston Martin DBS bíllinn og Aston Martin Vanquish er nú 568 hestöfl. Það eru sérstaklega síðustu 5-6 ár sem stærsta stökkið hefur verið tekið í aukningu hestafla í vélum bíla síðustu ára. Það er athyglisverð staðreynd á sama tíma og ströngustu reglur um eldsneytisnotkun og mengun hafa verið í gildi. Einnig hefur á sama tíma sprengirými véla minnkað umtalsvert. Hafa verður í huga að aðstoð frá rafmagnsmótorum hefur hjálpað til við aukið afl nútíma bíla. Sprengirými bíla á götum Bandaríkjanna hefur minnkað um 42% á síðustu 40 árum þrátt fyrir helmings aukningu í afli. Á sama tíma hefur eyðsla þeirra minnkað um helming. Er þetta lýsandi fyrir stórtæka og umhverfisvæna þróun véla á þessum tíma. Ýmsar uppfinningar hafa stuðlað að þessari minnkun eyðslu og mengunar, en aflaukningar í leiðinni. Þar má nefna beina innsprautun eldsneytis, notkun forþjappa, möguleikann á að slökkva á hluta strokka í vélum við lítið álag, betri stjórnun á opnunartíma ventla og miklu léttari bíla, svo einhverjir þættir séu nefndir.

**» Sprengirými bíla á götum Bandaríkjanna hefur minnkað um 42% á síðustu 40 árum þrátt fyrir helmings aukningu í afli. Á sama tíma hefur eyðsla þeirra minnkað um helming. Er þetta lýsandi fyrir stórtæka og umhverfisvæna þróun véla á þessum tíma.**



## Úkraínska lögreglan kaupir 635 Outlander PHEV tengiltvinnbíla

Stærstu einstöku kaup á tengiltvinnbílum voru gerð í Úkraínu um daginn þegar Mitsubishi afgreiddi lögregluna í Kiev um 635 bíla af Outlander PHEV gerð. Þessi kaup voru gerð í anda „Green Investment Scheme“, alþjóðlegrar samþykktar til umhverfisverndar. Fyrir nokkrum árum afgreiddi Mitsubishi 507 eintök af litla rafmagnsbílnum i-MiEV til Eistlands undir sömu formerkjum. Þegar bílarnir voru afhentir voru forsætisráðherra Úkraínu og forstjóri Mitsubishi viðstaddir. Mitsubishi Outlander, sem framleiðsla hófst á árið 2013, hefur verið söluhæsti tengiltvinnbíllinn í Evrópu síðastliðin 4 ár samfellt og hafði selst samtals í 80.768 eintökum í lok árs í fyrra.

Í bílnum er 2,0 lítra bensínvél sem er 121 hestafl, en þegar afli rafmagnsmótoranna er bætt við skilar hann 203 hestöflum. Hægt er að aka bílnum á rafmagninu eingöngu fyrstu 54 kílómetrana. Mitsubishi hefur nú þegar sýnt útlit næstu kynslóðar Outlander PHEV með tilraunabílnum GT-PHEV Concept, sem fyrirtækið sýndi á bílasýningunni í París fyrr á árinu. Þessi nýja gerð fær stærri 2,5 lítra vél og stærri rafmagnsmótora, nú þrjá í stað tveggja, sem og stærri rafhlöður. Hann á að komast fyrstu 120 kílómetrana á rafmagninu eingöngu og hafa heildardrægni upp á hvorki meira né minna en 1.200 kílómetra með því bensíni sem á tank hans kemst. Ekki er ljóst hvenær þessi nýja gerð kemur á markað.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atlib@365.is, Sími 512 5457
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000




ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.JEEP.IS

# Dregur Volkswagen saman seglin í boltanum?



Wolfsburg-liðið er ávallt með merki Volkswagen á brjóstinu.

Knattspyrnulið Wolfsburg sem spilað hefur undanfarin ár í efstu deild þýsku Bundesligunnar átti á hættu að detta niður um deild og spilaði umspilsleik við Eintracht Braunschweig um áframhaldandi veru í efstu deild og reyndar vann þann leik. Volkswagen á Wolfsburg-knattspyrnuliðið og það hefði verið mikið áfall fyrir íbúa Wolfsburg ef liðið hefði fallið. Um helmingur allra íbúa í Wolfsburg vinnur hjá Volkswagen, en í Wolfsburg eru höfuðstöðvar Volkswagen. Þó betur hafi farið en óttast var er hætt við því að fjárútlát Volkswagen minnki allverulega vegna liðsins og það gæti hentað Volkswagen vel í þeirri fjárhagskrísu sem dísilvélasvindlið hefur skapað fyrirtækinu.

Tenging bílaframleiðenda við knattspyrnufélög er afar þekkt og til dæmis er General Motors með Chevrolet merki sitt á búningum Manchester United og Fiat hefur löngum verið með eitt af sínum bílamerkjum framan á búningum Juventus. Volkswagen hefur gegnum tíðina eytt ógrynni peninga í Wolfsburg liðið og það hefur verið stolt Volkswagen. Ekki bar sú peningaeyðsla mikinn ávöxt þetta keppnistímabilið. Wolfsburg er fimmta verðmætasta lið þýskrar knattspyrnu þó það hafi ekki sýnt sig á vellinum á nýliðnu keppnistímabili. Það gerði það hins vegar árið 2015 þegar Wolfsburg vann þýska bikarinn og náði í fjórðungsúrslit Meistaradeildarinnar sama ár. Fallið nú er því hátt, þó svo að Wolfsburg hafi náð að bjarga sér frá falli með sigrinum á Eintracht Braunschweig. Brotthvarf Kevin de Bruyne frá félaginu til Manchester City á vafalaust stóran þátt í brokkgengi félagsins þetta tímabil.

## Kostar mikið á hverju ári

Fjárútlát Volkswagen til knattspyrnuliðs Wolfsburg hefur numið um 90 milljónum evra á ári á undanförnum árum og kaup á toppspilurum eins og Andre Schürrle, Julian Draxler og Yunus Malli hafa kostað mikið. Mikil fjárútlát vegna dísilvélasvindlsins gæti stöðvað áframhaldandi fjárútlát til knattspyrnuliðsins og talað er um nýja framtíðarstefnu félagsins með það fyrir augum að ala frekar sjálft upp sína eigin knattspyrnumenn. Slíkt tal bendir eindregið til þess að dagar mikilla fjárútláta til liðsins séu taldir og þá gæti orðið erfitt að komast aftur í hóp þeirra bestu. Ekki er það talið hjálpa til að núverandi forstjóri Volkswagen, Matthias Möller, er víst enginn sérstakur knattspyrnuáhugamaður, öndvert við forvera hans, Martin Winterkorn.

Reyndar hefur Volkswagen eitthvað auglýst eða styrkt ein 12 af 18 liðum í þýsku efstu deildinni og hætt er við því að þar verði líka dregið verulega saman. Audi á 9% í Bayern München liðinu, hlut sem það keypti árið 2011 og einnig á Audi 19,9% í FC Ingolstadt liðinu.

# Ford ætlar að fækka starfsfólki um allt að 10%

Bílaframleiðandinn Ford hefur í hyggju að skera verulega niður í fjölda starfsfólks síns, eða um allt að 10%. Með því ætlar Ford að bæta úr fallandi hagnaðarhlut af sölu bíla sinna. Þessar aðgerðir Ford eru nú þegar hafnar í Þýskalandi, en þar eru höfuðstöðvar Ford í Evrópu. Ford ætlar að bjóða mörgu eldra starfsfólki sínu að hætta fyrir ætluð starfslok og fá fyrir vikið hærri eftirlaun eða eingreiðslu. Í áætlunum Ford er að lækka launakostnað á þessu ári um 3 milljarða dollara. Það hefur áhrif á ákvörðun Ford að hin mikla söluaukning sem viðvarandi hefur verið í heimalandinu Bandaríkjunum er nú á afturhaldi. Hlutabréf í Ford standa nú fremur lágt og hafa lækkað um þriðjung frá árinu 2014. Er markaðsvirði Ford fyrir vikið bæði lægra en General Motors og Tesla og telst því aðeins þriðja verðmætasta bílafyrirtæki Bandaríkjanna.

## Fækkun um 20.000 manns

Núna starfa 202.000 manns hjá Ford og er um helmingur þeirra í Bandaríkjunum og Kanada. Það þýðir að Ford hyggst fækka starfsfólki um 20.000 manns og munar um minna. Hagnaður Ford á fyrsta ársfjórðungi þessa árs nam 1,6 milljörðum dollara en var 2,5 í fyrra. Við þessa lækkun hagnaðar verður ekki unað hjá Ford og verður bæði launakostnaður og annar kostnaður skorinn niður svo ná megi hagnaði upp aftur. Velta Ford á fyrsta ársfjórðungi var 39,1 milljarður dollara og jókst um 4% á milli ára, en samt minnkaði hagnaðurinn. Hagnaður af veltu er aðeins 4,1% í ár en var 6,7% í fyrra. Heildarhagnaður ársins í fyrra nam 10,4 milljörðum dollara og ætlar Ford með þessum aðgerðum nú ná svipuðum hagnaði þrátt fyrir slakt uppgjör á fyrsta ársfjórðungi, en það getur ekki náðst nema með kostnaðarlækkun. Ford hefur á síðustu árum varið ógnarmiklu fé í þróun rafmagnsbíla og sjálfakandi búnaði og búast má við því að dregið verði úr fjárfestingum á því sviði á næstunni.

**» Í áætlunum Ford er að lækka launakostnað á þessu ári um 3 milljarða dollara.**






## Enn reiðubúnari en áður í hvaða verk sem er

Það er mannlegt að þreytast á löngum vinnudegi og þá er ómetanlegt að geta reitt sig á óþreytandi bakhjarl sem dugar hvað sem á dynur. Komdu og skoðaðu þennan fjölhæfa sendibíl sem er þarfasti þjónn hins metnaðarfulla fagmanns.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með PROACE.**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Aldrei svíkur Swift



Suzuki Swift af nýrri kynslóð má vel þekkja frá þeirri síðustu.

Ný kynslóð Suzuki Swift er komin í sölu og þar fer enn betri akstursbíll en góður forverinn. Bíllinn hefur lést um 120 kíló, innanrýmið stækkað, sem og skottrýmið. Kemur nú með nýrri og sprækri vél.



Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Suzuki Swift hefur verið einn allra besti smábíll sem fá má frá því hann fyrst kom fram á sjónarsviðið árið 1983. Hann er nú kominn af sjöttu kynslóð en sú síðasta var fyrst kynnt árið 2010, þó svo hann hafi fengið andlitslyftingu í millitíðinni. Það er afar mikilvægt að Suzuki lukkist vel við smíði nýs Swift því hann er lykilbíll í bílaflóru Suzuki og alls hafa selst af honum hátt í 5 milljón eintök um heim allan. Hann hefur frá upphafi fengið meira en 60 alþjóðleg verðlaun og safnar enn grimmt. Swift er smíðaður á léttvigtarundirvagninum „Heartect“ sem einnig er undir nýju Suzuki Baleno og Ignis bílunum. Nýr Suzuki Swift var kynntur blaðamönnum á ekki leiðinlegri stað en í Mónakó um daginn og átti sú staðsetning vel við fallega endurhannaðan bílinn. Sem fyrr er Swift fríður sýnum, skemmtilega kantaður og með mikinn karakter. Mjög vel má sjá að þarna fer arftaki síðustu kynslóðar, en allar þær breytingar sem hafa verið gerðar eru til góðs og eina ferðina enn er Swift með sportlegri smábílum sem bjóðast og það rímar líka einkar vel við sportlega eiginleika hans. Swift hefur nú styst um 1 cm, breikkað um 4 cm og lækkað um 1,5 cm í framhjóladrifsútgáfunni, en hækkað um 1 cm í













**FEGURÐ**
Swift af síðustu kynslóð var mikið fyrir augað og svei mér þá ef Suzuki hefur ekki slegið honum við nú.

**AKSTURS EIGINLEIKAR**
Nýja 1,0 lítra og 112 hestafla Boosterjet vélin er skemmtilega öflug en í leiðinni sparneytin.

**INNRÉTTING**
Innréttingin er í senn skilvirk en einföld að gerð og vel smíðuð, en efnisvalið kemur í veg fyrir íburðartilfinningu.



MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS



BAJA STZ · BAJA MTZp3 · BAJA ATZp3 · DEEGAN 38 · BAJA CLAW · BAJA CLAW TTC

JEPPADEKK
fyrir felgustærðir 15 - 16 - 17 - 18 og 20 tommur
Sumar stærðir eru fáanlegar sem burðardekk (D,E).
Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is

# Fasteignir.is

Vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

23. TBL. ÞRIÐJUDAGUR 6. JÚNÍ 2017

heimili fasteignasala – á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur
Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur
og löggiltur fasteignasali
694 6166

Úlfar F. Jóhannsson
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Anna F. Gunnarsdóttir.
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
892 8778

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Framúrskarandi fyrirtæki 2015

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

## Standa vörð um æru og traust

Fyrir skemmstu var kosin ný stjórn Félags fasteignasala (FF) og hennar bíða margþætt verkefni, segir Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri FF.



**Ný stjórn Félags fasteignasala. Frá vinstri talið: Grétar Jónasson framkvæmdastjóri, Lilja Valþórsdóttir varamaður, Kjartan Hallgeirsson formaður, Þóra Birgisdóttir gjaldkeri, Finnbogi Hilmarsson varaformaður, Þórunn Pálsdóttir varamaður og Monika Hjálmtýsdóttir ritari. Á myndina vantar Hannes Steindórsson stjórnarmann.** MYND/STEFÁN

„Brýnustu verkefnin sem við stöndum frammi fyrir núna er að standa vörð um að ný lög, sem sett voru um sölu fasteigna árið 2015, séu í heiðri höfð meðal fasteignasala. Það er grundvallar neytendalöggjöf að fasteignasalar sinni þeim verkefnum sem þeim er falið að sinna en ekki einhverjir allt aðrir. Því leggur stjórnin mikla áherslu á að lögin séu virt og fylgist rækilega með því að lögunum sé framfylgt í einu og öllu."

Aðrar áherslur nýrrar stjórnar er að stuðla að bættum vinnubrögðum og tryggja enn frekar traust og öryggi í fasteignaviðskiptum.

„Það gerum við með því að leggja áherslu á endurmenntun félagsmanna og stuðla enn frekar að góðum samskiptum við stjórnsýsluna með þéttri samvinnu að ýmsum framfaramálum. Stjórnin hefur einnig strangt eftirlit með því að félagsmenn fylgi siðareglum í hvívetna því það er samasemmerki við gott siðferði og það að vinna með lagalegum hætti, og þar sem lagarammanum sleppir taka okkar siðareglur við," segir Grétar.

Félag fasteignasala hefur í mörg horn að líta og verkefnin eru fjölþætt.

„Síðastliðin tvö ár hafa störf innan fasteignasölu gjörbreyst og nú getur fólk treyst því að löggiltir fasteignasalar sinni milligöngu fasteignaviðskipta, sem ekki var áður. Þeir sem lokið hafa einni önn í fasteignasalanámi geta síðan sinnt tilteknum verkefnum til aðstoðar fasteignasölum við milligönguna. Tveggja ára háskólanám í löggiltri fasteignasölu er orðið skilyrði og að sama skapi er meiri virðing borin fyrir stétt fasteignasala í dag en áður. Þannig viljum við hafa það; allt gegnsætt og uppi á borði og engin vettlingatök, enda viljum við standa vörð um æru okkar og traust."

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Skipasund 3 - 104 Reykjavík**




Mjög björt og falleg 92,7 m2, 4ra herbergja íbúð á 1. hæð ásamt 36 m2 bílskúr í þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, eldhús, hol, og baðherbergi. Köld sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús í kjallara.
**V. 46,4 m.**

**Ástu-Sólliljugata 32 - 270 Mosfellsbær**




Nýtt fullbúið 179,8 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Á jarðhæð eru 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og fataherbergi. Á efri hæðinni er bílskúr, forstofa, geymsla, gestasnyrting, eldhús og stofa.
**V. 64.750.000 kr**

**Hrafnshöfði 29 -270 Mosfellsbær**




Mjög falleg 236,2 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr við Hrafnshöfða 29 á stórri útsýnislóð við golfvöllinn í Mosfellsbæ.
**V. 107,9 m.**

**Laxatunga 76 - 270 Mos.**




159,7 m2 raðhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, forstofu, hol/sjónvarpshol, baðherbergi, eldhús, stofu og bílskúr með stóru geymslulofti. **V. 67,5 m.**

**Hvannarimi 10 - 112 Reykjavík**




177 m2 parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Eignin skiptist í: Neðri hæð: Forstofa, gestasnyrting, þvottahús, bílskúr, eldhús, stofa og borðstofa. Efri hæð: Fjögur herbergi og baðherbergi. Hellulagt bílaplan og timburverönd. **V. 66,9 m.**

**Barðastaðir 21 - 112 Grafarv.**




Falleg og vel skipulögð 98,3 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með timburverönd. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í sameign. **V. 42,9 m.**

**Bjallavað 15 - 110 Reykjavík**




Falleg 80,2 m2, 2ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Sérinngangur af opnum svalagangi. Eignin skiptist í svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, forstofu, hol, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. Góð staðsetning, stutt í skóla og leikskóla.
**V. 35,5 m.**

**Þrastarhöfði 5 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**
Falleg 92 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með fallegu útsýni í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Vinsæl staðsetning rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt.
**V. 41,9m.**

**Vegghamrar 49 - 112 Grafarvogur**




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:30 til 18:00**
100,3 m2, 3-4ra herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð. Eignin skiptist í þrjú herbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og sólstofu. Góð staðsetning, grunn- og leikskóli rétt við húsið. Skjólgóðar suðursvalir. Sameiginlegar kaldar útigeymslur. **V. 39.9 m.**

**Skógarás 1 - 110 Reykjavík**




**Opið hús miðvikudaginn 7. Júní frá kl. 17:30 til 18:00**
168,1 m2 íbúð á tveimur hæðum í fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í: Neðri hæðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Efri hæðin skiptist í þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol, baðherbergi og geymslu. **V. 49,9 m.**

**Víðimelur 60 - 107 Reykjavík**




**Opið hús fimmtudaginn 8. júní frá kl. 17:30 til 18:00**
Falleg og mikið endurnýjuð 2ja. herbergja íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í svefnherbergi, stofu, borðstofu, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla með glugga og köld útigeymsla.
**V. 31,9 m.**

# FASTEIGNASALAN TORG

Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

**520 9595**

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Hafdís Sölustjóri 820 2222 | Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 698 7695 | Bjarni Sölufulltrúi 895 9120 | Berglind Fasteignasali 694 4000 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 | Sigríður Fasteignasali 699 4610 | Garðar Fasteignasali 899 8811 | Halla Fasteignasali 659 4044 | Alexander Sölufulltrúi 695 7700 | Hrönn Sölufulltrúi 692 3344 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

## Naustabryggja 27 110 Reykjavík

**VERÐ: 52.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. júní kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 117,0 $m^2$

Glæsilega penthouseíbúð með mikilli lofthæð og stæði í lokaðri bílageymslu í bryggjuhverfi Grafarvogs. Eignin er á 2 hæðum (efstu hæð) með tvennum svölum og frábæru útsýni út á sjó. Fallegar sérsmíðaðar innréttingar, gegnheilt parket, granít á borðum og innfelld lýsing. Íbúðin er nýmáluð að innan. Örstutt út í náttúruna og fallegar gönguleiðir við sjóinn. Þetta er íbúð sem hefur verið mikið lagt í og er íbúðin stílhrein og falleg. Eign fyrir fagurkera. Íbúðin er í dag 4ra herbergja en samkvæmt teikningu er gert ráð fyrir 3 svefnherbergjum og mætti því hæglega fá 3ja svefnherbergið ef vilji er til þess. Sjón er sögu ríkari.
**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Hvammabraut 12 801 Selfoss **23.900.000**



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 8202222**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 64,5 $m^2$

Fallegur bústaður á eignarlóð í landi Vaðness í Grímsnesi með heitum potti og stórri góðri timburverönd. Staðsetningin er mjög góð, innst í botnlanga og þaðan er gott útsýni. Steypt gólfplata, gólfhiti er í bústaðnum, tvö svefnherbergi og mjög vel útbúið eldhús með fallegri hvítri innréttingu. Frá Vaðnesi er stutt til margra vinsælla ferðamannastaða s.s. Gullfoss, Geysis, Þingvalla, Laugarvatns o.fl. Næsta sundlaug er á Borg í Grímsnesi. Golfvöllur er að Hraunborgum.
**Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Lyngbrekka 4 200 Kópavogi **74.900.000**



**OPIÐ HÚS föstudaginn 9. júní kl. 17:30-18:00**

**Stærð:** 199,5 $m^2$

Fallegt 6-7 herbergja einbýlishús á tveimur hæðum með lítilli sér íbúð á jarðhæð á vinsælum stað. Eldhús hefur verið endurnýjað með hvítri innréttingu og dúkaflísum á gólfi, baðherbergi eru tvö og bæði verið endurnýjuð, stofa er björt og einstakt útsýni yfir Fossvogsdalinn, frá svefnherbergisgangi er útgengi á hellulagða skjólsæla verönd og fallega gróinn garðinn.

**Upplýsingar veitir Þóra fasteignasali í gsm: 822 2225**

## Vefarastræti 7-9 *íb105* 280 Mosfellsbæ **38.800.000**



**NÝ ÍBÚÐ MEÐ SÉRAFNOTARÉTTI!**

**Herbergi: 3** **Stærð: 84,7 $m^2$**

Um er að ræða 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérafnotarétti, um 22,9fm. 2 svefnherb. baðherb. m/þvottaaðstöðu og geymslu innan íbúðar. Aðalrými bjart og opið út á sérafnotaflöt. Til afhendingar fullbúið án gólfefna í janúar 2018.
**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

## Skógarvegur 12a - *íb106* 103 Rvk **62.8.00.000**



**NÝ ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ!**

**Herbergi: 3** **Stærð: 111,7 $m^2$**

Glæsileg 3ja herb. íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu Sérsmíðaðar innréttingar frá HTH. 2 góð svefnherbergi. Gott baðherbergi. Aðalrými með eldhúsi, m/Spanhelluborð, gufugleypir og ofn frá AEG með sjálfhreinsibúnaði. Mynddyrasími, og stæði í bílageymslu fylgja íbúð. Tilbúin til afhendingar.
**Upplýsingar veitir Sigurður fasteignasali í gsm: 898 6106**

## Vesturgata 54A 101 Reykjavík **38.900.000**



**OPIÐ HÚS fimmtudaginn 8.júní kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 91,5 $m^2$

Falleg, björt og vel skipulögð 3ja herberga íbúð með sérinngangi í virðulegu fjórbýlishúsi. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi, geymslu og sameiginlegt þvottahús. Frábær staðsetning þar sem örstutt er í miðbæinn og alla helstu þjónustu. Fallegar göngu- og hjólaleiðir í næsta nágrenni. Íbúðin getur losnað fljótlega.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Nýhöfn 7 Sjálandi Garðabæ **Verð: 58,5-95 m**




**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM 699-4610**

**Stærð:** 105,8 – 150,1 $m^2$

Glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishúsi við Nýhöfn 7 í Sjálandi Garðabæ.Glæsilegar innréttingar frá Brúnás, með steinplötu í eldhúsi og vönduðum AEG eldhústækjum. Baðherbergi verða búin vönduðum hreinlætistækjum, fallegri innréttingu, innbyggð blöndunartæki, flísalögð sturta með glerhlið og flísalagt í hólf og gólf.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Lundur 5 Fossvogsdalnum í Garðabæ




**BÓKAÐU SKOÐUN Í GSM: 699-4610**

**Herbergi:** 3-4 **Stærð:** 120,5-194,4 $m^2$

Glæsilegt álklætt fjölbýlishús með sjávarútsýni. Íbúðirnar eru bjartar og rúmgóðar með stórum gluggum sem ná niður í gólf og hita í gólfum. Stæði í lokaðri bílageymslu fylgir öllum íbúðum Vandaðar innréttingar og tæki. Ein besta staðsetning á höfuðborgarsvæðinu.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Langalína 20-26 SJÁLANDI Garðabæ




**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM. 699-4610**

**Herbergi:** 2-5 **Stærð:** 92-185 $m^2$

Sala er hafin 2ja- 5 herb. búðum í glæsilegu 3ja hæða álklæddu lyftuhúsi við sjávarkambinn. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðunum.Vandaðar innréttingar frá Brúnás, AEG eldhústæki og stein borðplata frá S.Helgasyni. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergum og þvottahúsum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. **Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014–2016



**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is



**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

# *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.**

**Flatir – Garðabæ - 150-200 fm. einbýlishús óskast. Má þarfnast lagfæringa eða endurnýjunar. Staðgreiðsla í boði.**

## *Laugarásvegur 44. Glæsilegt einbýlishús.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 18.00

**Stórglæsilegt og algjörlega endurnýjað 320,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað við Laugardalinn. Eignin er öll verið endurnýjuð hið innra og ytra á vandaðan og smekklegan hátt á sl. 3 mánuðum og skipulagi hússins verið breytt þó nokkuð. Eldhús með nýjum HTH innréttingum. Rúmgóðar stofur með útgengi á skjólsælar svalir til suðurs. Stór sjónvarpsstofa. Hjónasvíta og unglingasvíta. Öll gólf er lögð fallegu sjónfloti, utan baðherbergja sem eru flísalögð. Að utan hefur húsið allt verið múrviðgert og málað auk þess sem lóðin hefur verið endurnýjuð að stórum hluta.**

## *Miðstræti. Heil húseign.*



Glæsileg 571,0 fm. heil húseign við Miðstræti auk tveggja sér bílastæða á lóð. Tvær neðri hæðir hússins eru byggðar árið 1924, en árið 1980 voru tvær efri hæðirnar byggðar ofan á húsið og eignin endurnýjuð mjög mikið. Húsið er allt steinsteypt og með steyptum gólfplötum á milli hæða en rishæð er þó byggð úr timbri og er með rúmgóðum innfelldum svölum til suðvesturs. **Eignin býður upp á ýmsa nýtingarmöguleika, t.d. áframhaldandi útleigu til atvinnurekstrar, að nýta eignina sem 4 íbúðir eða að fjölga íbúðum í húsinu en slík breyting er háð samþykki byggingaryfirvalda. Hér er um að ræða heila húseign, á virkilega fallegum og eftirsóttum stað í hjarta miðborgarinnar, sem býður upp á ýmis tækifæri.**

## *Rauðalækur 9. Góð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg 88,8 fm. íbúð á jarðhæð í fjórbýlishúsi á þessum eftirsótta stað. Búið er að endurnýjað baðherbergi og öll gólfefni íbúðar. Eldhús með fallegri upprunalegri innréttingu. Björt stofa með gluggum á þrjár hliðar. Tvö herbergi með gluggum til suðurs. Sér geymsla á jarðhæð. Frábær staðsetning á rólegum stað en stutt frá miðborginni.

**Verð 38,9 millj.**

## *Hátún 6B. 4ra herbergja endaíbúð á 3. hæð.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 129,2 fm. með gluggum í þrjár áttir á 3. hæð í nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu við Hátún auk sér bílastæðis í opnu bílskýli á lóð hússins. Sér geymsla í kjallara er 6,1 fermetri að stærð. Öll svefnherbergin eru mjög rúmgóð og öll með fataskápum. Rúmgott sjónvarpshol og stór stofa með fallegu útsýni að Esjunni og Akrafjalli. Stórar flísalagðar svalir til vesturs útaf stofu.

**Verð 51,9 millj.**

## *Vogatunga 45- Kópavogi. Parhús – 60 ára og eldri.*




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.00 – 18.30

Fallegt og vel skipulagt 73,5 fm. 2ja herbergja parhús fyrir 60 ára og eldri í Suðurhlíðum Kópavogs. Eldhús með góðum borðkrók. Aukin lofthæð er í holi og stofu. Gróin falleg lóð með hellulagðri suður verönd.

**Eignin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 43,9 millj.**

## *Fellsmúli 4. 3ja herbergja íbúð- laus fljótlega.*




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

93,5 fm. íbúð á 3. hæð að meðtaldri sér geymslu við Fellsmúla í austurborg Reykjavíkur. Íbúðin er þó nokkuð endurnýjuð. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, gólfefni að hluta og flesta skápa. Útgengi er á svalir til suðurs úr stofu. Húsið að utan er í mjög góðu ástandi.

**Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu.**

**Verð 39,9 millj.**

## *Brekkugerði.*



400 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með hitaðri heimreið í Brekkugerði. Eignin er í góðu ástandi og hefur að hluta verið endurnýjuð. Eldhús með nýlegum innréttingum. Þrjár samliggjandi stofur sem samanstanda af borð- setu- og arinstofu. Garðstofa með útgengi á tvær verandir. Óvenju stórt hjónaherbergi með miklum skápum. Fjögur minni herbergi. Auðvelt er að gera séríbúð neðri hæð.

**Fasteign á stórri lóð fjarri umferðarnið á grónum, fallegum og rólegum stað miðsvæðis í borginni.**

**Stutt í þjónustu og út á aðalbrautir.**

## *Grófarsmári – Kópavogi.*



Einstaklega vandað 239,1 fm. tvílyft parhús með innbyggðum rúmgóðum bílskúr á einstökum útsýnisstað. Eignin er öll innréttuð á afar smekklegan máta úr mjög vönduðum byggingarefnum. Innanhússarkitekt hússins er Guðbjörg Magnúsdóttir. Granít er á borðum allra innréttinga og granít og harðviður eru í gluggakistum. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í loftum, innihurðir eru allar extra háar og gólfefni eru vandaðar flísar og gegnheilt suðuramerískt parket. Þrjú svefnherbergi. Rúmgóð sjónvarpsstofa og setustofa með arni. Fataherbergi innaf hjónaherbergi.
**Staðsetning eignarinnar er virkilega glæsileg innst í lokaðri botngötu og gríðarlega fallegs útsýnis nýtur frá eigninni.**

## *Sóleyjargata - Heil húseign með leyfi fyrir rekstri gistiheimilis.*



Nýinnréttuð um 400,0 fm. húseign með leyfi fyrir rekstri gistiheimilis á 826,3 fm. lóð á frábærum stað í miðborginni. Eignin hefur öll verið endurnýjuð hið innra á sl. tveimur árum.
**Húsið selst með öllu innbúi og bókunum fram í tímann.Í húseigninni eru 9 íbúðir, allar með sér eldhúsi og sér baðherbergi. Um er ræða 6 stúdíóíbúðir, tvær 2ja herbergja íbúðir og eina stóra íbúð á tveimur hæðum með þrennum svölum. Í kjallara hússins eru auk íbúða, forstofa, starfsmannaastaða, þvottaherbergi og baðherbergi auk ræstikompu. Bílskúr og geymsla eru á lóð hússins og ný verönd til suðurs. Aðkoma að eigninni er bæði frá Sóleyjargötu og Njarðargötu og næg bílastæði eru við Sóleyjargötuna**

## *Fjólugata. Glæsileg efri hæð ásamt bílskúr.*



Glæsileg 121,0 fm. efri hæð með tvennum flísalögðum svölum, glæsilegum þremur samliggjandi stofum og fallegu útsýni á frábærum stað í miðborginni. Íbúð á hæð er 113,6 fm., geymslur í kjallara eru 7,5 fm. og bílskúr er 26,2 fm., samtals 147,3 fm. Fallegir stórir útbyggðir gluggar til vesturs úr einni stofu og útgengi á litlar flísalagðar svalir til vesturs úr annarri. Nýlegar innréttingar eru í eldhúsi. Tvö herbergi. Bæði íbúðin að innan og húsið að utan hafa verið mikið endurnýjuð og eru í góðu ástandi.

**Verð 74,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA

FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



Sverrir Kristinsson, *Lögg. fasteignasali* · Guðmundur Sigurjónsson, *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · Kjartan Hallgeirsson, *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri* · Þórarinn M. Friðgeirsson, *Lögg. fasteignasali, sölustjóri* · Magnea S. Sverrisdóttir, *MBA, lögg. fasteignasali* · Hilmar Þór Hafsteinsson, *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari* · Guðlaugur I. Guðlaugsson, *Lögg. fasteignasali* · Brynjar Þ. Sumarliðason, *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.* · G. Andri Guðlaugsson, *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · Gunnar Jóhann Gunnarsson, *Hdl., lögg. fasteignasali* · Daði Hafþórsson, *Aðstoðarm. fast.s.* · Davíð Jónsson, *Aðstoðarm. fast.s.* · Jóhanna Valdimarsdóttir, *Gjaldkeri* · Elín Þorleifsdóttir, *Ritari* · Ásdís H. Júlíusdóttir, *Ritari* · Anna M. Sigurðardóttir, *Ritari*

## HOFGARÐAR 3, 170 SELTJARNARNES








Fallegt og vel staðsett einbýli á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr. Húsið er skráð 193 fm í FMR en inn í þá tölu vantar garðstofu. Ætla má að heildarstærð hússins sé allt að 230 fm. Húsið er steinsteypt og múrað en síðar klætt með Redwood viðarklæðningu, sem gefur húsinu mjög hlýlegt og sérstakt yfirbragð. **Opið hús miðvikudaginn 7. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 94,9 m.**

## NAUSTABRYGGJA 47, 110 REYKJAVÍK





Mjög glæsilegt 158 fm raðhús við bryggjuna í Naustahverfi. Húsið er á þremur hæðum ásamt rishæð og skiptist m.a. í stofu, sjónvarpsstofu (herbergi), opið eldhús með suðurverönd, þrjú herbergi, baðherbergi og þvottahús. Innbyggður bílskúr. Einstakt útsýni m.a. sjávarútsýni. **V. 69,9 m.**

## SAFAMÝRI 38
## 108 REYKJAVÍK




Góð 4 herbergja 116,6 fm íbúð ásamt 60,1 fm geymslu samtals 176,1 fm. Vel skipulögð íbúð, arinn í stofu.

**Opið hús miðvikudaginn 7. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**

**V. 44,9 m.**

## HRAUNBÆR 103
## 110 REYKJAVÍK




Snyrtileg og vel staðsett 2ja herbergja 87,5 fm íbúð á 4. hæð, í góðu lyftuhúsi fyrir 60 ára og eldri, við Hraunbæ í Reykjavík. Yfirbyggðar svalir. Mjög góð sameign, innangengt í Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar þar sem boðið er upp á mat, félagsstörf og fleira. **Opið hús miðvikudaginn 7. júní 2017 milli kl. 16:15 og kl. 16:45.**

**V. 42,5 m.**

## DALALAND 16, 108 REYKJAVÍK






Stórglæsileg, vel staðsett og mikið endurnýjuð 5 herbergja 124 fm íbúð á 2. hæð ásamt 19,1 fm bílskúr á eftirsóttum stað í Fossvoginum. **Opið hús þriðjudaginn 6. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 63,9 m.**

## KELDUHVAMMUR 9
## 220 HAFNARFJÖRÐUR




Góð talsvert endurnýjuð efri sérhæð á einstaklega góðum útsýnisstað í Hafnarfirði ofan við Höfnina. Hæðin er skráð 137,6 fm og bílskúrinn er skráður 31,9 fm. Þrjú svefnherbergi og rúmgóð stofa. Mikið útsýni. Endurnýjaðar frárennslislagnir. Mjög góð aðkoma að húsinu. **Opið hús miðvikudaginn 7. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 49,9 m.**

## HRINGBRAUT 99
## 101 REYKJAVÍK




Töluvert endurnýjuð 53 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í hol, stofu, baðherbergi, svefnherbergi og eldhús.

**Opið hús þriðjudaginn 6. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**

**V. 29,5 m.**

## HOFAKUR 5, 210 GARÐABÆR





Afar skemmtilega 4ra herbergja útsýnisíbúð í Akralandinu í Garðabæ. Íbúðin skiptist í anddyri, tvö svefnherbergi, tvær stofur, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Rúmgóð geymsla í kjallara og stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.
**V. 59,9 m.**

## REYKÁS 35
## 110 REYKJAVÍK




Eignamiðlun ehf kynnir eignina Reykás 35, mjög góð og einstaklega vel skipulagða 2ja herbergja 76 fm íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli. Góðar innréttingar. Flísalagt yfirfarið baðherbergi. Rúmgóð stofa. Mjög gott útsýni.

**Opið hús þriðjudaginn 6. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**

**V. 33,9 m.**

## FURUGRUND 60
## 200 KÓPAVOGUR




Falleg og vel skipulögð 85,3 fm þriggja herbergja íbúð á fyrstu hæð í litlu fjölbýli, aukaherbergi í kjallara. Vinsæl staðsetning, stutt í skóla og leikskóla.

**Opið hús þriðjudaginn 6. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**

**V. 37,9 m.**

## BORGARTÚN 23, 105 REYKJAVÍK




Til leigu verslunarrými á 1. hæð/götuhæð við Borgartún 23 í Reykjavík. Um er ræða ca. 150 fm bjart rými með stórum gluggum. Gott aðgengi og fjöldi bílastæða. **Nánari upplýsingar veitir H. Daði Hafþórsson aðst.m. fasteignasala s: 824 9096, dadi@eignamidlun.is. V. 0 m.**

## BERGSTAÐASTRÆTI 81, 101 REYKJAVÍK







Erum með í sölu fasteignina við Bergstaðastræti 81 í Þingholtunum. Um er ræða samtals 403,8 fm eign. Húsið sem er á þremur hæðum er virðulegt og franskir gluggar setja á það mjög fallegan svip. Húsið stendur ofan götu á fallegri lóð. **Nánari upplýsingar veita: H. Daði Hafþórsson aðst.m. fasteignasala í síma 824 9096, dadi@eignamidlun.is og Sverrir Kristinsson, sverrir@eignamidlun.is. V. 230 m.**

## LAUGALIND 8
### 201 KÓPAVOGUR



Falleg 4-5 herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð með bílskúr við Laugalind í Kópavogi. Eignin er skráð 175,5 fm þar af bílskúr 29,7 fm. Um er að ræða skemmtilega skipulagða eign með góðu útsýni í þessu vinsæla hverfi.

**Davíð Jónsson aðstoðamaður fasteignasala í síma 697-3080 eða david@eignamidlun.is, einnig Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali í síma 588-9090 eða kjartan@eignamidlun.is V. 62,5 m.**

## HVANNARIMI 10
### 112 REYKJAVÍK



Hvannarimi 10, Parhús á 2.hæðum með innbyggðum bílskúr samt. 177 fm. Mjög vel staðsett hús innarlega í botnlangagötu. Fjögur svefnherb. og tvær stofur auk vinnuherbergis. Góður garður, timburverönd. Húsið er laust til afhendingar við kaupsamning.

**Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs. Löggiltur fasteignasali, í síma 899-1882, tölvupóstur thorarinn@eignamidlun.is. V. 66,9 m.**

## NAUSTABRYGGJA 16
### 110 REYKJAVÍK



Naustabryggja 16, 188,5 fm 5-6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í álklæddu húsi í bryggjuhverfinu með stæði í bílageymslu. Ágætt útsýni. Fjögur til fimm herbergi og tvö baðh.. Tvær stofur. Innangengt í bílskýlið. Til afhendingar við kaupsamning. **Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg.fs. Löggiltur fasteignasali, í síma 899-1882, tölvupóstur thorarinn@eignamidlun.is. V. 57,9 m.**

## HVERAFOLD 136
### 112 REYKJAVÍK



Glæsilegt ca 260 fm einbýlishús í foldahverfi Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stórum fallegum garði. **V. 88,4 m.**

## SÓLVALLAGATA 27
### 101 REYKJAVÍK



Mjög góð og einstaklega björt og opin 4ra herb. 95 fm íbúð á 3.hæð á besta stað í Vesturbænum. Tvennar svalir með mikið útsýni. Nýlegt baðherbergi, endurnýjuð gólfefni. **V. 45,9 m.**

## FROSTAFOLD 24
### 112 REYKJAVÍK



Þriggja herbergja 86,6 fm útsýnisíbúð á efstu hæð í mjög vel staðsettu litlu fjölbýlishúsi ásamt stæði í mjög góðu bílskýli. Glæsilegt útsýni yfir borgina og víðar. **V. 39,9 m.**

## VEFARASTRÆTI 7-11, 270 MOSFELLSBÆR



Glæsilegar nýjar íbúðir við Vefarastræti 7-11. Um er að ræða fullbúnar íbúðir án megin gólfefna. Íbúðirnar eru með sér stæði í bílgeymslu. Aðeins þrjár íbúðir eftir. **Verð frá 38,8 Nánari upplýsingar: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson lögg. fasteignasali s: 864-5464 – gudlaugur@eignamidlun.is Þórarinn M. Friðgeirsson löggiltur fasteignasali s:899-1882 - thorarinn@eignamidlun.is**

## KVISTAVELLIR 57
### 221 HAFNARFJÖRÐUR



Kvistavellir 57, 185,7 fm raðhús á einni hæð með innbyggðum 32,8 fm bílskúr. Húsið er ekki fullbúið en íbúðarhæft. Þrjú góð svefnherbergi rúmgóð stofa, suðurgarður afgirtur. Til afhendingar við kaupsamning. **Nánari upplýsingar veitir Þórarinn M. Friðgeirsson lögg. fs. Löggiltur fasteignasali, í síma 899-1882, tölvupóstur thorarinn@eignamidlun.is. V. 54,5 m.**

## MÝRARGATA 26
### 101 REYKJAVÍK




Glæsileg 5 herbergja útsýnisíbúð á 5. hæð merkt 505 í nýlegu og glæsilegu lyftuhúsi við Reykjavíkurhöfn. Eitt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Útsýni yfir Reykjavíkurhöfn, sjóinn og Esjuna. **Allar nánari upplýsingar veitir Davíð Jónsson aðstoðamaður fasteignasala í síma 697-3080. Opið hús þriðjudaginn 6. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:30. V. 109 m.**

## BREIÐAVÍK 201
### 12 REYKJAVÍK



Vel skipulögð 73,9 fm. þriggja herbergja íbúð á jarðhæð. Sérafnotareitur útaf stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í alla þjónustu og skóla. **V. 34,9 m.**

## BJARNAST. SV-2, 2
### 311 BORGARBYGGÐ



45 fm sumarhús í landi Bjarnastaða. Eignin skiptist í 2 svefnherbergi, 1 baðherbergi, stofu og eldhús í sameiginlegu rými, svefnloft. **V. 12,9 m.**

## NJÁLSGATA 59
### 101 REYKJAVÍK



Eignamiðlun ehf kynnir eignina Njálsgata 59, góð 3ja herbergja íbúð í góðu húsi við Njálsgötu. **V. 37,9 m.**

## KLEPPSVEGUR 134
### 104 REYKJAVÍK




Þriggja herbergja 77,4 fm íbúð á 6. hæð með glæsilegu útsýni í vel staðsettu lyftuhúsi í austurborginni. Endurnýjaðir gluggar, gler og fl. í íbúðinni.

**Opið hús þriðjudaginn 6. júní 2017 milli kl. 17:15 og kl. 17:45.**

**V. 34,9 m.**

# FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400
www.fold.is • fold@fold.is




**Viðar Böðvarsson**
viðskiptafr. og lögg. fast.
vidar@fold.is / 694-1401
**Gústaf Adolf Björnsson**
lögg. fast.
gustaf@fold.is / 895-7205
**Kristín Pétursdóttir**
lögg. fast.
kristin@fold.is / 8241965

**Rakel Viðarsdóttir**
viðskiptalögfr.
rakel@fold.is / 699-0044
**Einar Marteinsson**
einar@fold.is / 893-9132


## Laugarnesvegur 64, 2.hæð, 2ja herb.
**OPIÐ HÚS ÞRI 6. JÚNÍ KL. 16:30-17:00**




Laugarnesvegur 64, 2.hæð: Góð tveggja herbergja ca. 48. fm íbúð á annarri hæð í litlu fjölbýlishúsi. Svalir frá stofu í suðaustur. Laus strax.
**Verð 27,9 millj.**

**Opið hús þriðjudaginn 6. júní kl. 16:30-17:00, verið velkomin.**

## Lindargata 58, 101 Rvk, neðri sérhæð.
**OPIÐ HÚS MIÐ 7. JÚNÍ KL. 16:30-17:30**




Góð, rúmlega 80 fm neðri sérhæð með sérinngangi á eftirsóknarverðum stað í miðborg Reykjavíkur. Tvö svefnherbergi og tvær stofur. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförnum árum. Mikil lofthæð.
**Verð 46,5 millj.**

**Opið hús miðvikudaginn 7. júní kl. 16:30-17:30, verið velkomin.**

## Hraunbær, 110 Rvk,
**4-5 HERB.**



Hraunbær 180. Góð 107,4 fm, fimm herbergja íbúð á annarri hæð. Parket og flísar á gólfum. Fjögur svefnherbergi. Gott innra skipulag.

**Verð 36,9 millj.**

Pantið tíma fyrir skoðun.

## Lindargata 27, 101 Rvk,
**ÍBÚÐ 701 + BÍLSKÚR**



Glæsileg 160,2 fm íbúð á 7. hæð (næst efstu) ásamt 11,2 fm geymslu og 24,1 fm innbyggðum bílskúr, samtals 195,5 fm. Mikið útsýni. Allur frágangur vandaður og íbúðin mjög björt og vel hönnuð. Gott innra skipulag. Parket og flísar á gólfum. Tvö baðherbergi.
**Verð 123 millj.**
Afhending við kaupsamning. Pantið tíma fyrir skoðun.

## Suðurgata, 300 Akranes,
**EINBÝLI**



Fimm herbergja 130 fm einbýlishús á tveimur hæðum, timburhús á steyptum kjallara. Eignin er í mjög lélegu ástandi og þarfnast umtalsverðs viðhalds/endurnýjunar.

**Verð 18 millj.**

Pantið tíma fyrir skoðun.

Húsið er laust við kaupsamning.

## Sóleyjargata, 300 Akranes,
**EFRI SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR.**



117,6 fm efri sérhæð ásamt 29,3 fm bílskúr, samtals 146,9 fm. Sameiginlegur inngangur. Þrjú svefnherbergi. Parket og flísar á gólfum. Eignin þarfnast viðhalds/endurnýjunar.

**Verð 22,5 millj.**

Pantið tíma fyrir skoðun.

Íbúðin er laus við kaupsamning.

## Einigrund, 300 Akranes,
**ENDARAÐHÚS MEÐ BÍLSKÚR.**



Tæplega 200 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi. Gott innra skipulag. Ágætt útsýni. Húsið þarfnast viðhalds innan sem utan.

**Verð 39 millj.**

Pantið tíma fyrir skoðun.

Húsið er laust við kaupsamning.

## Sumarhús Þingvöllum.
**FRÁBÆRT ÚTSÝNI YFIR VATNIÐ.**



Tæplega 60 fm. sumarhús í einstakri náttúruparadís í Gjábakkalandi á Þingvöllum. Umhverfið er kjarri vaxið og frábært útsýni yfir Þingvallavatn og til fjalla. Landið er innan þjóðgarðs og háð reglum sem um hann gilda. Í húsinu eru 2-3 svefnherbergi, stofa, eldhús og snyrting. Góður pallur er við húsið og ágæt útiaðstaða.
**Verð 16,9 millj.**

## Óskum eftir

**Íbúðareigendur / leigusalar**

**Óskum eftir íbúðum til leigu í úthverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila.**

**Traustar greiðslur, langur leigutími.**

**Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Hvað kostar eignin mín?
**Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401**

## Þú finnur okkur á fold.is

---

# FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF

Sími 562 4250

Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is




**Hilmar Óskarsson**
Framkvæmdarstjóri
Gsm: 896-8750

**Óskar Þór Hilmarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 822-8750

**Guðjón Sigurjónsson**
Aðstm. í námi til lögg. fsl.
Gsm: 846-1511

**Pálmi Almarsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 896-3344

**Smári Jónsson**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 864-1362

**Auður Kristinsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 824-7772

**Hildur Edda Gunnarsdóttir**
Lögfr./Aðstm.
Gsm: 661-0804

**Ólafur Tryggvason**
Aðstoðarmaður
GSM: 666-8777





**Glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús með lyftu og bílageymslu.**
Vandaðar íslenskar innréttingar frá Brúnás og með AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru frá 2ja til 5. herbergja frá 93-186 fm. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Sérlega góð staðsetning niður við sjávarkambinn með stórglæsilegu sjávarútsýni. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**




**Stórglæsilegar íbúðir með sjávarútsýni við Lund 5 í Kópavogi.**
Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Lundi 5 í Fossvogsdal í 38 íbúða fjölbýlishúsi. Húsið er 11 hæðir. Fjölmargar stærðir í boði allt frá 120 til 194 fm. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.isa**




**Stórglæsilegar íbúðir við Nýhöfn 7 í Sjálandi í Garðabæ.**
Nýjar stórglæsilegar íbúðir að Nýhöfn 7 í 9 íbúða 3ja hæð fjölbýlishúsi með lyftu. Mikið sjávarútsýni. 105,8 fm. til 150,1 fm. að stærð. Vandaðar íslenskar innréttingar. Hiti í gólfum. Bjartar og rúmgóðar íbúðir með stórum gluggum. Álklætt hús. Glæsileg hönnun að innan sem utan. Íbúðirnar verða ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum.
**Byggingaraðili er Byggingarfélag Gylfa og Gunnars. Teikningar og nánari upplýsingar hjá sölumönnum Fjárfestingar, Borgartúni 31 og www.fjarfesting.is**

OPIÐ HÚS

**SUÐURHÓLAR 35E**
- 111 Rvk.
- 3ja herb. 70,3 fm.
- Verönd.
- Sérinngangur.
- Álklætt hús.

**Verð 34,9 millj.**
**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 18:00 til 18:30**




**SKIPHOLT 66**
- 105 Rvk.
- 5 herb.
- 2. hæð.
- 196 fm.
- Bílskúr.
- Byggt árið 2000.

**Verð 74,5 millj.**
**Opið hús miðvikudag frá kl. 16:30 til 17:00**



**STAÐARSEL 2**
- 109 Rvk.
- Einbýli.
- 234 fm.
- Gott viðhald.
- Stór bílskúr.

**Verð 79,8 millj.**




**HVANNHÓLMI 28**
- 200 Kóp.
- Einbýli.
- 304,8 fm.
- 2 hæðir.
- Góður bílskúr.
- Glæsilegur garður.

**Verð 89,5 millj.**
**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 17:00 til 17:30**




**VINDÁS 1**
- 110 Rvk.
- 105 fm.
- 3ja herb.
- Bílgeymsla.

**Verð 36,9 millj.**
**Opið hús fimmtudag frá kl. 17:00 til 17:30**

60 ára og eldri
OPIÐ HÚS

**HERJÓLFSGATA 38**
- 200 Hfj.
- 2ja herb.
- 68,7 fm.
- 3. hæð.
- Stæði í bílageymslu.

**Verð 33 millj.**
**Opið hús miðvikudag frá kl. 17:30 til 18:00**

## ÓSKUM EFTIR ÖLLUM GERÐUM EIGNA TIL SÖLU. MIKIL SALA.

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR
B.Ed.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495


STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON
Lögfræðingur,
Aðstm. fasteignasala
GSM 660 4777


HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


EDWIN ÁRNASON
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121


ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR
Skrifstofustjóri,
Aðstm. fasteignasala
GSM 690 4966


ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON
MBA Rekstrarhagfræðingur
Aðstm. fasteignasala
GSM 663-2508


EINAR S. VALDIMARSSON
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

## VALLAKÓR 6A OG 6B - 203 KÓPAVOGUR — FRÁ 36.9M




Nýjar fullbúnar íbúðir í glæsilegu lyftuhúsi, tveggja, þriggja og fjögra herbergja með bílastæði í kjallara. Vandað hús með álklæðningu að utan, stórar svalir í öllum íbúðum nema sérafnotareitur á jarðhæð.

## HÁALEITISBRAUT-MIÐBÆR — TIL LEIGU




Mjög gott verslunar- og þjónusturými á götuhæð í þessum þekkta verslunarkjarna við Háaleitisbraut. Plássið er um 75 fm og er laust núna um mánaðarmótin. Gæti hentað undir ýmiskonar verslunarstarfsemi og þjónustu, veitingarekstur eða skrifstofur. Stórir verslunarfrontar og göngudyr. Næg bílastæði og góð aðkoma.

## VALLAKÓR 6A, 203 KÓPAVOGUR — 42.9M




Fallegt og björt ca. 83 fm íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílageymslu. Íbúðin afhendist fullbúin og með öllum gólfefnum og tækjum þ.m.t. uppþvottavél og ísskáp. Stórar suðursvalir. Afhending í lok þessa árs.

## KÓPAVOGSBRÚN 2-4, 200 KÓPAVOGUR — 91.9M




Stórar sérhæðir með óvenju rúmgóðum stæðum í bílkjallara. Flestum íbúðum fylgja stór sér herbergi/tómstundarými á jarðhæð með snyrtingu, sérinngangi og gluggum. Tvö stæði í bílkjallara fylgja nokkrum íbúðunum.

## VOGATUNGA 45, 200 KÓPAVOGUR — 43.9M




OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. júní. kl. 18:30-19:00. Fallegt 2ja herb. 73,5 m². parhús fyrir 60 ára og eldri. Útgengi er út á hellulagða suðurverönd frá stofunni. Húsið er laust við kaupsamning.

## SKÓGARLUNDUR 13 - 210 GARÐABÆR — 69.9M



Einstakleg notalegt og smekklegt 164fm endaráðhús í Garðabæ. Fjögur svefnherbergi, stórar stofur, vandaðir sólpallar með heitum potti og skjólveggjum.

## FELLSMÚLI 15, 108 REYKJAVÍK — 43.4M




OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. júní. kl. 17:30-18:00. 108 fm íbúð á 3ju hæð í traustu og velviðhöldnu fjölbýlishúsi. Stórar stofur og góðar svalir til vesturs. Rúmgott eldhús með borðkrók. Möguleiki á 3ja svefnherberginu.

## VÍKURHVARF 1, 203 KÓPAVOGUR




Erum með í einkaleigumeðferð tvö góð rými á götuhæð í þessu nýlega og glæsilega atvinnuhúsnæði. Um er að ræða stærstan hluta af götuhæð hússins.

## BERGSTAÐASTRÆTI 15 - 101 REYKJAVÍK — 69.8M




OPIÐ HÚS miðvikudaginn 7. júní. kl. 17:30-18:00. Rúmgóð og falleg 145,1 fm. 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi í góðu 3ja íbúða húsi á besta stað við Bergstaðastræti.

## HVAMMUR 8, SUMARHÚS Í HVALFIRÐI




Fullbúið, vandað sumar/heilsárshús á einstökum stað í Hvalfirði. Húsið er 76,7fm og geymsluhús er 10,2fm, stórir og skjólgóðir sólpallar, heitur pottur. Útsýni úr húsinu og af pöllunum er óviðjafnanlegt.

## SÓLVALLAGATA 80 - 101 REYKJAVÍK — 57.9M




OPIÐ HÚS þriðjudaginn 6. júní. kl. 17:30 – 18:00. Vel skipulögð 4.herb. endaíbúð, 115,8 fm. í góðu 4.hæða fjölbýlishúsi með lyftu, íbúðinni fylgir gott stæði í bílakjallara ásamt sérgeymslu í sameign.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

# GIMLI

Sími **570 4800**



Fasteignasala / Grensásvegur 13
2. hæð 108 Rvk. / gimli.is

Sigþór 899 9787 Löggiltur fasteignasali
Ellert 661 1121 Löggiltur fasteignasali
Katrín 570 4800
Hafrún 570 4800
Árni 570 4800 Viðskiptafræðingur Löggiltur fasteignasali

**Hvers virði er eignin þín?**

**- Frítt verðmat**
**- Engin skuldbinding**

**ÞEKKING • REYNSLA • ÖRYGGI**

---

2015-2016 Framúrskarandi fyrirtæki

# HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

**Sími 520 7500**

**Stofnað 1983**



## Við kunnum að meta fasteignina þína

**Magnús Emilsson lögg. fasteignasali**
**Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali**
**Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali**
**Guðbjörg Guðbjörnsdóttir lögg. fasteignasali**
**Helgi Jón Harðarson sölustjóri**
**Hilmar Þór Bryde sölumaður**
**Hlynur Halldórsson sölumaður**
**Hildur Loftsdóttir skrifstofa**

**Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is**

---









## Til sölu Laugavegur 56

# BYGGINGARVERKEFNI

Gert er ráð fyrir 16 hótelíbúðum í bakgarði og veitingarstað á götuhæð.
Teikningar eru samþykktar og öll gjöld greidd. Byggingarleyfi eru einnig klár.

**Óskað er eftir tilboðum í eignirnar.**




NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA



**Kjartan Hallgeirsson**
*Löggiltur fasteignasali*
kjartan@eignamidlun.is
824 9093 / 588 9090



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI SÍÐAN 1957

# BÍLAR



fjórhjóladrifsútgáfu. Ekki miklar stærðarbreytingar þar, en Suzuki hefur samt tekist að stækka skott bílsins um 54 lítra.

### Alltaf frábærir aksturseiginleikar í Swift

Suzuki Swift hefur alltaf verið rómaður fyrir góða aksturseiginleika og það hefur ekki breyst. Hann hefur reyndar oftast skarað framúr í sínum stærðarflokki. Með nýrri kynslóð skaðar það ekki að hann vegur í sinni léttustu útfærslu aðeins 840 kíló og hefur Suzuki tekist að létta bílinn um heil 120 kíló. Bíllinn býðst nú með 1,0 lítra Boosterjet 112 hestafla vél með forþjöppu og beinni innspýtingu sem þeir Suzuki-menn segja að orki eins og 1,8 lítra vél án forþjöppu, en sé bara miklu sparneytnari. Einnig má fá 1,2 lítra og 90 hestafla Dualjet vél, en báðar ganga þær fyrir bensíni. Litla 1,0 lítra Boosterjet vélin er hrikalega skemmtileg og „Mild Hybrid“-búnaðurinn sem tengist aflrásinni eykur á aflið og gerir bílinn enn sprækari. Það er ferlega skemmtilegt að aka Swift með þessari vél og góðir aksturseiginleikar bílsins henda honum fimlega í beygjurnar með svo til engum hliðarhalla eða undirstýringu. Að auki er aksturinn þægilegur og ekki of harður, bíllinn fer vel með alla farþega. Vindgnauð er afar lítið, svo lítið að greinarritari minnist ekki annars eins fyrir svo ódýran og lítinn bíl. Þó svo 112 hestöfl séu til staðar að draga aðeins 840 kíló er bíllinn engin spyrnukerra og 10,0 sekúndur í hundraðið, en samt eitthvað svo sprækur. Til að fá spyrnukerruna þarf að bíða eftir Swift Sport, sem kemur á markaði í kjölfarið, en sá bíll af fyrri kynslóð er einfaldlega einn skemmtilegasti bíll sem greinarritari hefur prófað og um eiginleika hans eru bílablaðamenn heimsins einkar sammála. Með 1,2 lítra og 90 hestafla vélinni er Swift samt enn skemmtilegur og með jafn góða aksturseiginleika, en bara minna afl.

> **Suzuki Swift hefur alltaf verið rómaður fyrir góða aksturseiginleika og það hefur ekki breyst. Hann hefur reyndar oftast skarað framúr í sínum stærðarflokki.**

### Einfaldur en vel smíðaður að innan

Að innan er Swift fremur einfaldur að gerð og ekki hægt að tala um mikinn íburð, sér í lagi hvað efnisval varðar og þar er plast í öndvegi. Það er þó alls ekki meiningin að bjóða uppá íburð með smíði Swift, því þá væri hann talsvert dýrari. Í honum er hinsvegar allt til alls og eins og fyrri daginn er allt jafn vel smíðað. Suzuki bílar eru reyndar þekktir fyrir smíðagæði og lága bilanatíðni og skora yfirleitt hátt á listum þar um. Einföld innréttingin er afar skilvirk og allt fljótlært. Hvað innréttingu og búnað Swift áhrærir má segja að þar fái maður allt sem þarf og það kemur reyndar á óvart hve staðalbúnaðurinn er mikill. Góður upplýsingaskjár er fyrir miðju mælaborðsins og þar má stjórna fjári miklu á auðlærðan hátt. Plássið í Swift kemur á óvart og hefur aukist á milli kynslóða, enda tókst Suzuki að auka bilið milli öxla og með því stækka innanrýmið. Bæði fóta- og höfuðrými hefur aukist og er bíllinn hentugur fyrir 4, en tæplega 5 farþega, nema af minni gerðinni. Gott var að sjá að hiti í sætum er staðalbúnaður en það telst til mikils kosts hérlendis. Fyllsta öryggis er gætt með 6 loftpúðum og það er heldur alls ekki ónýtt að hann kemur á 16 tommu álfelgum, sem reyndar má uppfæra í 17 tommu.

### Kostar frá 2.080.000 kr. með fínum staðalbúnaði

Með Suzuki Swift af sjöttu kynslóð er enn á ný kominn einn albesti kosturinn í flokki minni bíla og hann býðst á mjög hagstæðu verði, eða allt frá 2.080.000 kr. Í sinni dýrustu útgáfu, með sjálfskiptingu, er bíllinn á 2.790.000 kr. og telst þá enn ódýr bíll. Helstu bæturnar á milli kynslóða eru fólgnar í enn betri aksturseiginleikum sem helgast að talsverðu leyti af því hve Suzuki hefur tekist að létta bílinn. Rýmið hefur líka aukist, ekki síst skottrýmið sem gerir hann hæfari til lengri ferða. Innanrými hefur líka aukist milli kynslóða, sem og staðalbúnaður í bílnum sem er alveg til fyrirmyndar. Með nýrri og afar spennandi 1,0 lítra Boosterjet vélinni er bíllinn bæði afar sprækur og eyðslugrannur. Ekki sakar að bíllinn hefur enn fríkkað og er talsverður töffari á vegi á sínum flottu felgum. Aðalkosturinn við Swift að mati greinarritara er þó hve skemmtilegur hann er í akstri og leggja má mikið á hann. Þar svíkur hann ekki sem fyrr og því mun Swift áfram verða einn albesti kosturinn þegar kemur að kaupum á smábíl.

KOSTIR OG GALLAR
## SUZUKI SWIFT

- 1,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 112 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 4,5 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 97 g/km CO2
**Hröðun:** 10,0 sek.
**Hámarkshraði:** 190 km/klst.
**Verð frá:** 2.080.000 kr.
**Umboð:** Suzuki

Kostir:
- Útlit
- Aksturseiginleikar
- Staðalbúnaður
- Verð

Gallar:
- Efnisval í innréttingu


# SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



**SKODA Octavia Ambiente Combi 4x4.**
Skr. 03.2013, ekinn 89 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 3.250.000.**
Rnr.101542.



**SUZUKI SX4 S-Cross GL 2WD.**
Skr. 07.2015, ekinn 20 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.880.000.**
Rnr.101617.



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 09.2008, ekinn 173 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 1.490.000.**
Rnr.101629.



**VW Up! take up 1,0.**
Skr. 03.2014, ekinn 15 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.350.000.**
Rnr.101659.



**HYUNDAI i20 Classic.**
Skr. 05.2014, ekinn 46 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 1.750.000.**
Rnr.101602.



**HONDA Jazz Elegance.**
Skr. 05.2014, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.250.000.**
Rnr.101430.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 06.2013, ekinn 68 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 1.580.000.**
Rnr.101642.



**SUZUKI Alto GL.**
Skr. 10.2014, ekinn 42 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.450.000.**
Rnr.101653.



**SKODA Fabia Combi Style.**
Skr. 08.2015, ekinn 24 Þ.KM, bensín, sjálfsk. 7 gírar.
**Verð 2.750.000.**
Rnr.101622.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**



Rexton, Korando og Tivoli eru fyrir ferðaglaða Íslendinga.

## Fjórhjóladrifnir SsangYong jeppar með kaupaukum

Fjórhjóladrifnu jepparnir frá SsangYong hafa átt góðu gengi að fagna hjá Íslendingum, enda má segja að þeir séu eins og sniðnir til að kljást við íslenska vegi og vegleysur á öllum árstímum. Þeir hafa líka vakið athygli fyrir fallegt útlit, mikinn staðalbúnað og hagstætt verð. Í tilefni sumarsins slær Bílabúð Benna nú upp Sumarævintýri SsangYong með dýrindis kaupaukum og ferðavinningum. Í fréttatilkynningu frá Bílabúð Benna kemur fram að með Sumarævintýrinu ætli SsangYong að útvega ferðaglöðum landsmönnum réttu græjurnar til að upplifa spennandi ævintýri á ferð sinni um landið. Þetta eru fjórhjóladrifnu jepparnir Rexton, Korando og Tivoli og þeim fylgja sumarlegir kaupaukar og ferðavinningar. Um er að ræða verðmætan pakka sem inniheldur; dráttarkrók, Weber ferðagrill, kælibox og útilegutösku. Í sumarlok verður svo dregið úr nöfnum nýrra SsangYong eigenda, tvær helgarferðir fyrir tvo til Kaupmannahafnar, með aðgangi að Tivoli, þessu eina sanna.

# Daily Tourys frá Iveco er rúta ársins 2017

Daily Tourys er í raun sami bíllinn og Iveco Daily sem BL selur hér á landi.

Nýja fólksflutningabifreiðin Daily Tourys frá Iveco Bus var í maí valin rúta ársins 2017 í flokki minni fólksflutningabifreiða (International Minibus of the Year 2017). Daily Tourys er í raun sami bíllinn og Iveco Daily sem BL selur hér á landi. Iveco Daily hefur unnið til 14 alþjóðlegra verðlauna í flokki fólksflutningabifreiða og sendibíla frá 2014 þegar hann kom fyrst á Evrópumarkað. Munurinn á Daily og Tourys er sá að Tourys er framleiddur af Iveco, en Daily hjá Fenbiksbus í Serbíu sem hefur sérhæft sig í framleiðslu yfirbygginga á grunni atvinnubíla frá Iveco fyrir bæði sendibílamarkað og rútumarkaðinn. Sérhæfing Feniksbus hefur skilað fyrirtækinu framúrskarandi árangri og miklum gæðum sem eru meginástæða þeirra alþjóðaverðlauna sem Iveco Daily hefur hlotið undanfarin rúm þrjú ár. Má því segja að verðlaunin sem Daily Tourys hlaut í maí séu í raun fimmtándu verðlaunin sem bíllinn hlýtur. Það var evrópska fagtímaritið Bus, Coach and Minibus, sem sérhæfir sig í umfjöllunum um fólksflutningabifreiðar í Evrópu, sem útnefndi Daily Tourys rútu ársins 2017.



Sylvain Blaise, forstjóri Iveco Bus, ásamt Christophe Longuet, framkvæmdastjóra rútubíladeildar Iveco með verðlaunagripinn frá Bus, Coach and Minibus.

### Miklar kröfur og prófanir

Blaðamenn frá átján fagtímaritum í Evrópu höfðu nokkra nýja bíla af þeirri gerð til umráða í þrjá daga þar sem þeir voru prófaðir við mismunandi aðstæður og bornir saman við sex helstu keppinauta sína á Evrópumarkaði. Rútunum var m.a. ekið upp og niður brattar brekkur, á hraðbrautum, við þröngar aðstæður í þéttbýli og á mjóum vegum með kröppum beygjum. Var niðurstaða dómnefndar að það sem einkenndi

**» Daily hefur unnið til 14 alþjóðlegra verðlauna í flokki fólksflutningabifreiða og sendibíla frá 2014 þegar hann kom fyrst á Evrópumarkað.**

bílinn væri í senn mjög vandaður frágangur á öllu sem tilheyrði sjálfri framleiðslunni sem og mikil áhersla á þægindi farþega. Tom Terjesen, formaður dómnefndar, segir að kraftmikil dísilvél Daily Tourys, sem uppfyllir nýjustu mengunarstaðla Evrópusambandsins, Euro 6, ásamt þeim besta gírkassa sem framleiddur hafi verið í þessum stærðarflokki fólksflutningabíla, hafi gert ökuferðina mjög eftirminnilega fyrir þá sem prófuðu bílinn á vegum dómnefndarinnar.

# Nýr Audi A8 með 48 volta mild-hybrid kerfi

Flaggskip Audi, stóri A8 fólksbíllinn sem kynntur verður almenningi þann 11. júlí verður með framúrstefnulegum búnaði sem bæði eykur afl og minnkar eyðslu bílsins, en það byggir á 48 volta mild-hybrid kerfi sem endurheimtir hemlunarorku bílsins og getur að auki hlaðið rafmagni frá vélarorku bílsins. Þetta kerfi verður einnig í nýjum A7 og A6 bílum Audi. Nýr Audi A7 verður kynntur á bílasýningunni í Frankfurt í september og nýr A6 kemur á markað á næsta ári. Þetta mild-hybrid kerfi mun ekki verða í minni bílum Audi, a.m.k. á næstunni. Þetta kerfi hefur afl upp að 12 kílóvöttum og eykur tog bílsins um 60 Nm og á að stuðla að 0,7 lítra minni eyðslu bílanna, en eykur líka upptakið þegar mikils er krafist. Í Audi A8, A7 og A6 bílunum verður einnig 12 volta rafgeymir sem sér um allt annað sem rafdrifið er í bílunum. Mercedes Benz mun einnig kynna samskonar kerfi í andlitslyftum S-Class bíl sínum sem kynntur verður í næsta mánuði. Renault hefur nú þegar sett svona kerfi í dísilútgáfu Megane skutbílsins og Scenic minivan bílsins. Bílaframleiðendur leita allra leiða til að minnka bæði eyðslu og mengun bíla sinna og notkun þessarar nýju tækni í því augnamiði er gott dæmi þess.



Audi A8 nýr mun fá útlitseinkenni frá Prologue tilraunabíl Audi.



4x4

# SUMARÆVINTÝRI SSANGYONG

## SUMARLEGIR KAUPAUKAR OG FERÐAVINNINGAR




**TIVOLI**
**VERÐ FRÁ: 3.290.000**

## FJÓRHJÓLADRIFIÐ FERÐALAG ALLAN HRINGINN

**Sumarævintýri SsangYong bíður þín -** SsangYong útvegar ferðaglöðum Íslendingum réttu græjurnar til að upplifa spennandi ævintýri allan hringinn. Kaupum á fjórhjóladrifnum Rexton, Korando og Tivoli jeppum fylgja nú sumarlegir kaupaukar og í sumarlok drögum við út glæsilega ferðavinninga; tvær helgarferðir fyrir tvo til Kaupmannahafnar með aðgangi að Tivolí. **Taktu þátt í Sumarævintýri SsangYong.**

KAUPAUKAR: DRÁTTARKRÓKUR | FERÐAGRILL | KÆLIBOX | ÚTILEGUTASKA | FERÐAVINNINGUR

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

SSANGYONG

**Verið velkomin í reynsluakstur!** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**KOSTIR OG GALLAR**
## TOYOTA YARIS

- 1,5 LÍTRA BENSÍNVÉL
- 111 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 3,3 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 75 g/km CO2
**Hröðun:** 11,8 sek.
**Hámarkshraði:** 165 km/klst.
**Verð frá:** 2.330.000 kr.
**Umboð:** Toyota á Íslandi

Kostir:
- Útlit
- Öryggi
- Eyðsla
- Smíðagæði

Gallar:
- Skortir sportlega eiginleika og afl

# Sætur Yaris verður sætari

Andlitslyfting Yaris felur í sér 900 nýja íhluti í bílnum. Býðst nú með nýrri 12% eyðslugrennri og öflugri 1,5 lítra vél og vali um hybrid-kerfi. Er talsvert hljóðlátari og skartar nú fullt af öryggiskerfum.

**Reynsluakstur**
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is



Það telst sannarlega til tíðinda þegar einn best seldi bíll landsins kemur af nýrri gerð, þó hér sé ekki um nýja kynslóð af bílnum að ræða, heldur uppfærslu eða andlitslyftingu á Yaris. Andlitslyftur Yaris var kynntur bílablaðamönnum í Hollandi á dögunum. Yaris er frá árinu 2014 af þriðju kynslóð og því eðlilegt að hann sé nú uppfærður, en sú uppfærsla innfelur 900 nýja íhluti í bílnum og fjárfestingu upp á 90 milljónir evra. Yaris fyrir Evrópumarkað er framleiddur í Frakklandi, bæði fyrir Evrópumarkað og til útflutnings, en það þýðir að hann er hannaður með tilliti til þarfa Evrópubúa og er það vel. Framleiðsla Yaris í Valenciennes verksmiðju Toyota í Frakklandi náði 3 milljónum eintaka frá upphafi í fyrra. Yaris lítur nú enn betur út en fyrr og er býsna laglegur bíll, enda hafa fyrri gerðir hans höfðað mjög til landans ef marka má sölutölur fram að þessu. Þessi breyting nú ætti að falla í góðan jarðveg, enda bíllinn allur fegurri og reffilegri. Yaris er með riflega 6,5% af sölu í sínum stærðarflokki í álfunni og seldist í fyrra í 208.000 eintökum.

### 12% eyðslugrennri 1,5 l vél

Hybrid-útfærsla bílsins á stóran þátt í velgengni Yaris, enda á aukið afl hans og lítil eyðsla mikinn þátt í því hve Yaris selst vel. Yaris Hybrid útgáfan náði yfir 40% af heildarsölu Yaris í fyrra og búast má við því að það hlutfall fari bara hækkandi. Yaris er nú með breyttum fram- og afturenda sem gefur honum dínamískara útlit. Bíllinn er nú fágaðri og hann býðst nú í fleiri litum og fleiri útfærslum að innan. Með þessari uppfærðu gerð Yaris kemur ný vél, 1,5 lítra bensínvél sem uppfyllir Euro 6 staðalinn. Þessi vél er 10% öflugri en 1,33 lítra forverinn og að sama skapi með 10% meira tog, en það sem meira máli skiptir, hún er 12% eyðslugrennri. Mikið hefur verið lagt upp úr öryggi bílsins og fullt af öryggiskerfum sem bíllinn skartar nú. Til aukinn þæginda fyrir ökumann og farþega er bíllinn nú talsvert hljóðlátari, sérstaklega á meiri hraða og munu margir fagna þeirri breytingu, enda unnið þar á einum helsta ókosti Yaris hingað til.

### Annar bíll heimilisins og friðar samviskuna

Yaris hefur frá upphafi, sem spannar frá árinu 1999, verið frekar „chic“ bíll sem höfðað hefur til ungu kynslóðarinnar og hefur gjarnan verið annar bíll heimila sem haft hafa efni á því að eiga tvo bíla. Hann hefur því gjarnan verið til afnota fyrir þau afkvæmi sem komin eru með bílpróf, sem og frúna sem kýs sætan og lítinn bíl. Þó hefur greinarritari oft séð að hann er ekki síður val húsbóndans á heimilinu sem kýs að snattast um á eyðslugrönnum og liprum bíl sem elur ekki á slæmri samviskunni sem því fylgir að aka um á eyðsluhák heimilisins, sem gjarnan er stór jeppi. Hvað um það, Yaris hefur verið og verður áfram afar heppilegur borgarbíll sem er einkar góður ferðafélagi í þéttri borgarumferðinni. Þar er hann á heimavelli og ekki beint heppilegur ferðabíll sökum skerts flutningsrýmis.

### Ekki fimleikamaðurinn eða spyrnukerran

Yaris er ekki fimleikamaðurinn í sínum flokki, né spyrnukerran, en þannig er Yaris ekki hugsaður. Hann er skynsamur kostur þeirra sem vilja komast á milli staða a og b á öruggan hátt en ekki með tilþrifum. Það finnast betri akstursbílar í hans flokki og mun öflugri bílar líka og þar kemur ef til vill að einum ókosti Yaris. Hann býðst enn sem komið er ekki með öflugri vél, en það mun reyndar breytast með 210 hestafla útgáfu hans, sem fær stafina GRMN í endann. Í hann er þó einhver bið þó hann hafi verið kynntur á bílasýningunni í París fyrr á árinu. Akstursgeiginleikar Yaris eru þó ágætir, en þar hafa sumir aðrir framleiðendur bíla í A-flokki gert betur. Það er þó mikil hugarþægð fólgin í því að litlar líkur eru á því að Yaris bili á leiðinni, en hann virðist alltaf jafn vel smíðaður og dvelur lítið á verkstæðunum. Ekki þarf heldur að óttast endursöluverðið á Yaris, það mun haldast hátt og oftast er beðið eftir notuðum Yaris, sem endist von úr viti. Það vita kaupendur hans sem fá sér nýjan Yaris, trekk í trekk.



Breytingin á bílnum nú ætti að falla í góðan jarðveg, enda bíllinn allur fegurri og reffilegri.



**TÖFFARI**
Yaris er nú orðinn enn töffaralegri að ytra útliti og ekki skemmir tvíliturinn þar sem þakið er í öðrum lit.

**INNRÉTTING**
Innréttingin er mjög frískleg og nýtískuleg og þar jaðrar við íburð.

**VINSÆLASTUR**
Búast má við því að Yaris með hybrid-kerfinu verði vinsælasta útfærsla bílsins snaggaralega.

> Hybrid-útfærsla bílsins á stóran þátt í velgengni Yaris, enda á aukið afl hans og lítil eyðsla mikinn þátt í því hve Yaris selst vel.






> Með þessari uppfærðu gerð Yaris kemur ný vél, 1,5 lítra bensínvél sem uppfyllir Euro 6 staðalinn.




# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur  er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

**KRÓKUR**

*á þinni leið*

Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# BÍLAR



Nissan Micra er nýkominn af nýrri kynslóð, gerbreyttur og betri bíll.

## Kostnaður við þróun japanskra framleiðenda aldrei hærri

Það er dýrt að þróa nýja bíla í harðri samkeppni og japanskir bílaframleiðendur ætla greinilega ekki að sitja eftir í þeim efnum í ár. Aldrei hafa þeir sett meira fé í þróunarkostnað fyrir nýja bíla sína en í ár. Alls munu þeir ætla að eyða 2.550 milljörðum króna og hefur kostnaðurinn á milli ára risið um 7%. Toyota og Nissan ætla að eyða jafn miklu fé og í fyrra, en Honda, Suzuki, Mazda, Subaru og Mitsubishi ætla að eyða umtalsvert meira fé til þess arna. Mitsubishi ætlar reyndar að auka þróunarkostnað sinn um heil 20%. Til samanburðar eyddi Volkswagen Group 1.520 milljörðum króna í þróun nýrra bíla sinna í fyrra og General Motors 810 milljörðum króna.



## 410 hestafla VW Golf í Worthersee

Á hverju ári sýna bæði Volkswagen og eigendur breyttra Volkswagen-bíla afkvæmi sín, við austurríska vatnið Worthersee. Þessi ökutæki eru alla jafna mikið breytt og mörg æði öflug. Volkswagen mætir með Golf GTI Worthersee Concept bíl sem útlitshannaður var af 13 lærlingum. Þar fer enginn aumingi er kemur að afli en hann er með 410 hestafla drifrás sem samanstendur af brunavél sem knýr framhjólin og rafmagnsmótorum sem knýja afturhjólin. Rafmótorarnir eru 48 volt og með hámarkafl uppá 12 kílóvött. Bíllinn er með Clubsport vindkljúf að aftan og stendur á einstökum 20 tommu felgum. Engin aftursæti eru í bílnum en öflugu hljóðkerfi bílsins gefið þess meira pláss og bætt við slatta af hátölurum. Framsætin eru rafstillanleg og þau má stilla með appi úr farsíma og til að mynda láta þau nudda ökumann. Sætin eru klædd nappaleðri og alcantara áklæði og saumuð með bláum tvinna í stíl við ytra útlit bílsins. Volkswagen mun líka sýna Golf GTE langbak sem skartar 16,8 kWh rafhlöðu sem tvöfaldar drægi hans og sérstöku ytra útliti. Worthersee sýningin var opnuð þann 24. maí, en þessi sýning dregur á ári hverju að sér margan gestinn.

**» Volkswagen mætir með Golf GTI Worthersee Concept bíl sem útlitshannaður var af 13 lærlingum.**

## Porsche 911 Turbo S árgerð 1993 fór á 75 milljónir

Fyrir 719.500 dollara, eða 75 milljónir króna, má fá þrjá nýja Porsche 911 Turbo S og einn Porsche Panamera Turbo fyrir afganginn. Það var þó ekki þannig sem kaupandinn á þessum bíl vildi eyða peningum sínum. Hann keypti heldur 1993 árgerðina af Porsche 911 Turbo S á Silverstone Auctions uppboðinu fyrir skömmu. Ástæðan fyrir svo háu verði bílsins er að hann er af „Leichtbau"-gerð og voru aðeins 86 slíkir bílar smíðaðir á sínum tíma. Þessi bíll er líka einn af aðeins 6 sem voru með svörtu lakki og mjög sérstökum þriggja lita sætum, innréttingu og stýri, þar sem fjólublár er einn litanna. Mjög var barist á uppboðinu um bílinn og fékkst fyrir hann mun hærra verð en búist hafði verið við. Porsche 911 Turbo S Leichtbau er 180 kílóum léttari en hefðbundin gerð Porsche 911 Turbo S frá þessum tíma. Notkun koltrefja og áls, engin aftursæti, þynnra gler og teppi, skottlok og vindskeið úr kevlarefni eiga mestan hlut í því að bíllinn er svo léttur. Ekki nóg með það að Porsche 911 Turbo S Leichtbau sé svona miklu léttari þá er hann með 61 hestafli meira en hefðbundna gerðin og skilar 381 hestafli úr 3,3 lítra og 6 strokka vél með forþjöppu, sem tengd er við 5 gíra beinskiptingu.



Porsche 911 Turbo S Leichtbau árgerð 1993.




nettoline

DANSKAR
INNRÉTTINGAR











VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

**Opið:** Mán. - föst. kl. 09-18
Lokað á laugardögum í sumar

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BRAUT BÍLASALA



AUDI Q5 quattro pamorama. Árgerð 2016, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.290.000. Rnr.103149.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

## Bátar



**NÝTT - NÝTT - NÝTT**
**HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12**
Góð reynsla - meiri afli Heimavik ehf Heimavik.is sími 892-8655

## Bílar til sölu



Audi A5 Sportback 2,0 TDI Arg. 2012, ek.98000 km, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 3 990 000 Sími 8419760.

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**Trésmíði • múrverk • málun, blikk • háþrýstiþvottur, og þakklæðningar.**
**ÖRUGG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA.**
**UPPL. Í SÍMA 858 3300**




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta

**Háþrýstiþvottur & Sandblástur**
Alhreinsun/strípun á t.d. stein, múr, stáli osfrv.
Mikil reynsla - öflug tæki.
**S: 860-2130**

## Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

